

Sameining Kóreuríkjanna

Magnús Smári Snorrason



Leiðbeinandi

Auður H. Ingólfssdóttir

Háskólinn á Bifröst

Sumar 2011

*Staðfesting lokaverkefnis
til BA gráðu í Alþjóðafraeði*

Lokaverkefnið:

Sameining Kóreuríkjanna

eftir: Magnús Smára Snorrason, kt. 040570-4389

hefur verið metið samkvæmt reglum og kröfum

Háskólans á Bifröst og hefur hlotið

lokaeinkunnina:_____

Bifröst, 3. ágúst 2011

Deildarforseti

Leiðbeinandi

Lokaverkefni til BA prófs í
Alþjóðafraeði
við Háskólann á Bifröst
Sumar 2011

Sameining Kóreuríkjanna

Höfundur:
Magnús Smári Snorrason

Leiðbeinandi:
Auður H. Ingólfssdóttir



Ágrip

Í þessari ritgerð er þeirri spurningu varpað fram, hversvegna Kóreu-ríkin hafi ekki sameinast? Hvað gæti leitt til þess að það gerðist og hverjir eru hagsmunir stórbjóða á borð við Bandaríkin, Kína, Japan og Rússlands í því samhengi? Til þess að glöggva sig betur á því er notast við raunhyggjukennningar í alþjóðastjórnsmálum og hagsmunir fjögurra stórvelda Bandaríkjanna, Kína, Rússlands og Japans skoðaðir í því ljósi. Þessir hagsmunir eru jafnframt greindir útfrá þrem mögulegum sviðsmyndum sem gætu leitt til sameiningar en þær eru, stríð á milli ríkjanna, algert hrun Norður-Kóreu eða hægfara friðsamleg sameining. Helstu niðurstöður eru þær að öryggisklemma, þörfin fyrir valdajafnvægi á svæðinu, lífsseigla Norður-Kóreska ættarveldisins, hernaðar uppbygging, óttinn við átök og skortur á yfirþjóðlegu valdi hafi beinlínis komið í veg fyrir að ríkin hafi getað sameinast eða í það minnsta haft þar veruleg áhrif.

Efnisyfirlit

Inngangur	12
1.0 Völdin og óttinn	13
1.1 Raunhyggja	13
1.2 Nýraunhyggja	13
1.3 Öryggisklemma.....	15
1.4 Valdajafnvægi.....	15
2.0 Ein þjóð tvö ríki	16
2.1 Kórea	16
2.2 Suður-Kórea.....	17
2.3 Kóreu stríðið	19
2.4 Norður-Kórea	21
2.5 Samskipti ríkjanna og hugmyndir um sameiningu 1953-1997.....	26
2.6 Sólskinsstefnan 1998-2008	29
2.7 Lee Myung-bak forseti Suður-Kóreu	30
3.0 Ólíkar sviðsmyndir sem gætu leitt til sameiningar	31
3.1 Stríð.....	31
3.1.1 Algert hrun Norður-Kóreu	32
3.1.2 Hægfara friðsamleg sameining.....	33
3.2 Bandaríkin	34
3.2.1 Bandaríkin og stríð.....	34
3.2.2 Bandaríkin og algert hrun Norður-Kóreu	35
3.2.3 Bandaríkin og hægfara friðsamleg sameining	35
3.3 Kína	36
3.3.1 Kína og stríð.....	36
3.3.2 Kína og algert hrun Norður-Kóreu	37
3.3.3 Kína og hægfara friðsamleg sameining	38
3.4 Japan	38
3.4.1 Japan og stríð.....	38
3.4.2 Japan og algert hrun Norður-Kóreu	39
3.4.3 Japan og hægfara friðsamleg sameining	39
3.5 Rússland	40
3.5.1 Rússland og stríð	40
3.5.2 Rússland og algert hrun Norður-Kóreu	40
3.5.3 Rússland og hægfara friðsamleg sameining	41
Niðurstöður	41
Lokaorð	43
Heimildaskrá	45

Inngangur

Haustið 2010 var töluverður órói og spenna á milli ríkjanna á Kóreuskaganum þar sem Norður-Kórea gerði árás á eyjuna Yeonpyeong sem liggur sunnan megin við landamæri ríkjanna Norður- og Suður-Kóreu. Þar var á ferðinni fyrsta árás norðanmanna á suðrið þar sem almennir borgarar féllu síðan samið var um vopnahlé árið 1953. Það var mikil spenna í loftinu og fréttáflutningur greindi frá hættu á stríðsátökum. Á þessum tíma var ég skiptinemi í alþjóðafræðum í Suður-Kóreu og sat námskeið sem fjallaði um sameiningu Þýskalands. Aðstæðurnar í samfélaginu og nálægðin við íbúa Suður-Kóreu varð til þess að ég fór að velta því fyrir mér hvort og þá hvenær kæmi að því að Kóreuríkin sameinuðust í eitt.

Rannsóknarspurningin er því þessi: Hvers vegna hafa Kóreuríkin ekki sameinast? Hvað gæti leitt til þess að það gerðist og hverjir eru hagsmunir stórþjóða á borð við Bandaríkin, Kína, Japan og Rússlands í því samhengi?

Ritgerðinni er skipt í þrjá megin kafla. Fyrst kemur fræðilegur kafli þar sem raunhyggjukenningar og hugtök á borð við öryggisklemmu og valdajafnvægi sem notuð eru til grundvallar í ritgerðinni eru skýrð í tiltölulega stuttu máli. Það verður því fyrst og fremst leitast við að greina stöðuna út frá þessum kenningum en auk þeirra verður notast við ýmsar bækur, fræðigreinar og fjölmiðlaumfjöllun. Aðferðafræðin er því sú sem hentar við gerð heimildaritgerða og byggir á afleiddum heimildum. Því næst kemur kafli þar sem fjallað er um sögu ríkjanna bæði fyrir og eftir aðskilnað en meiri áhersla er lögð á umfjöllun um sögu ríkjanna eftir aðskilnað. Þetta er gert til að hægt sé að glöggva sig betur á hvaða þættir í samskiptum ríkjanna gera það að verkum að ekki hefur tekist að sameina ríkin. Síðasti kafli fjallar svo um hver hugsanleg aðkoma þeirra fjögurra stórþjóða sem áhrif hafa á svæðinu gæti orðið. Hagsmunir þessara ríkja, Bandaríkjanna, Kína, Japans og Rússlands verða greindir með tilliti til þriggja hugsanlegra aðstæðna sem talið er að geti leitt til þess að Kóreuríkin sameinist. Þessar aðstæður eru í fyrsta lagi stríð, í öðru lagi algert hrun Norður-Kóreu og í þriðja og síðasta lagi hægfare friðsamleg sameining eftir diplómátskum leiðum.

1.0 Völdin og óttinn

1.1 Raunhyggja

Raunhyggjukenningar innan alþjóðastjórn mála eru vel til þess fallnar að skýra hvað það er sem helst stendur í vegi fyrir því að sameining Kóreuríkjanna geti átt sér stað. Hér verður því stuttlega gerð gein fyrir helstu áherslum í þeim kenningum, fyrst sígildum og svo síðtíma eða nýraunhyggju.

Það sem liggur til grundvallar sígildrar raunhyggju er í raun hugmyndir um mannlegt eðli. Maðurinn er í eðli sínu árásargjarn og er í stöðugri baráttu um að drepa eða vera drepinn. Þar sem ríki eru til í alþjóðakerfi þar sem ríkir sambærilegt ástand og í náttúrunni hljóti ríki alltaf að lenda í styrjöldum í baráttu um að lifa af. Það sem komi hugsanlega í veg fyrir stríðsástand sé valdajafnvægi sem gengur út á það að hindra að eitthvað eitt ríki nái yfirburða stöðu og að þetta valdajafnvægi stjórnist af hernaðarmætti og bandalögum. Í sígildri raunhyggju er ekki gerður munur á því hvernig ríki hegða sér í alþjóðakerfinu og innanlands, það sé í raun aðeins stigsmunur þar sem sameiginlegir hagsmunir, einskonar samfélagssáttmáli komi í veg fyrir að stöðugur ófriður ríki innanlands og sú staðreynd að þar ríki reglur og til séu viðurkenndar leiðir til að fá útrás fyrir valdabaráttuna (H.J, Morgenthau, 1954).

1.2 Nýraunhyggja

John J. Mearsheimer (2007) skýrir nýraunhyggju á þann hátt að ríki leggi höfuð áherslu á valdajafnvægi og séu í stöðugri samkeppni um völd annað hvort til að auka þau eða viðhalda þeim. Í raun er það formgerðin á alþjóðakerfinu, þar sem ríkir algjört stjórnleysi og ekkert yfirþjóðlegt vald, sem gerir það að verkum að ríkin lenda í styrjöldum en ekki mannlegt eðli. Í nýraunhyggju eru ákveðnar forsendur um alþjóðakerfið sem nauðsynlegar eru til þess að útskýra valdabaráttu ríkja og af hverju þau neyðast til að taka þátt í samkeppni til að tryggja eigin hag. Fyrsta forsendan er sú að ekki er til neitt yfirþjóðlegt vald og í alþjóðakerfinu ríki því stjórnleysi. Það gerir það að verkum að engin trygging er fyrir því að verða ekki fyrir árás sem skapar ótta hjá öllum ríkjum. Önnur forsendan er að öll ríki búi yfir einhverskonar sóknargetu þrátt fyrir að hún sé mjög misjöfn milli ríkja og geti breyst í tímans rás. Þriðja forsendan er sú að ríki geti aldrei verið viss um ásetning annarra ríkja, hvort ríkin ætli sér að breyta valdajafnvæginu eða hvort þau séu nægilega sátt við það til þess að beita ekki valdi til að breyta því. Fjórða forsendan gerir ráð fyrir að meginmarkmið allra ríkja sé

fyrst og fremst að lifa af en önnur markmið ríkja séu í öðru sæti enda hafi þau ekki tök á að vinna að öðrum markmiðum nema öryggi ríkisins sé tryggt. Síðasta forsendan gengur út frá því að ríki séu skynsöm og leitist eftir því að hámarka lífshorfur sínar. Þegar allar þessar forsendur eru til staðar verða ríkin upptekin af valdajafnvægi og öðlast hvatningu til valdavinninga á hvers annars kostnað. Meginmarkmið ríkjanna verður að breyta valdajafnvæginu sér í hag eða a.m.k. viðhalda stöðugleikanum.

Með varnar og sóknarhyggjukenningum innan raunhyggjunnar er hægt að rýna betur í það hvers vegna ákveðin tímabil í sögu Kóreu hafi annars vegar einkennst af þýðu og auknum samskiptum og hins vegar mikilli spennu og hernaðaruppbyggingu. Tang (2008) útskýrir ágætlega muninn á varnarhyggju og sóknarhyggju og hvað óttinn, eða hvernig bregðast eigi við honum, spilar mikið hlutverk. Hann talar um að í nýraunhyggju sé að finna tvö grundvallar sjónarmið um hvernig bregðast skuli við þeim ótta sem sprettur af óvissu um áform annarra. Fyrra sjónarmiðið, sem spróttið er úr sóknarhyggju er að ríki ættu að gera ráð fyrir því versta um áform annarra og hafna þar með allri óvissu um þau. Seinna sjónarmiðið, sem algengt er innan varnarhyggjukenninga er að ríki ættu ekki að alltaf að gera ráð fyrir hinu versta þegar þau leggja mat á áform annarra og að ríki ættu því að vinna að því að draga úr óvissu um áform annarra og þar með ótta. Að óttast um eigið líf eða óttinn við dauðann er einn mikilvægasti sálfræðilegi eiginleikinn sem líffræðileg þróun hefur fært flestum hryggdýrum, þar á meðal *Homo sapiens*. Það ætti ekki að koma á óvart að ótti hefur skipað mikilvægan sess í alþjóðastjórn málafræði frá upphafi. Oft er vitnað til orða Þúkídídesar (1954[~431BC]:1.23) sem sagði: „Það sem olli því að stríð varð óhjákvæmilegt var aukinn hernaðarmáttur Aþeninga og ótti Spartverja vegna hans.“ Það sem meira er þá skipaði Þúkídídes óttanum í öndvegi í „þrenningunni miklu (ótti, heiður og hagsmunir)“ í orðunum sem hann lagði Aþeningum á Spartanska þinginu í munn: „Rás atburðanna knúði okkur til að auka á hernaðarmátt okkar til þess sem hann er í dag. Óttinn við Persíu var okkar helsta ástæða þó eftir á að hyggja hafi óttinn um eigin heiður og hagsmuni einnig haft mikið að segja“. Að lokum má sjá að þessi tvö sjónarmið er einnig hægt að skilja sem tvær ólíkar lausnir á vandanum um sameiginlega hagsmuni. Sóknarhyggja telur að það séu litlir sameiginlegir hagsmunir á meðal ríkja, nema þegar ríki eigi sameiginlegan óvin. Varnarhyggja heldur því fram að það séu sameiginlegir hagsmunir í húfi, jafnvel þegar þau eigi ekki sameiginlegan óvin (Tang, 2008).

1.3 Öryggisklemma

Það ástand sem hefur ríkt á Kóreuskaganum hefur á löngum köflum fallið vel að hugtakinu um öryggisklemmu þar sem bæði ríkin hafa komið sér upp miklum vörnum og tekið þátt í öryggissamstarfi við nágrannaríki. Ríki hafa frá upphafi keppt um völd til þess að tryggja öryggi sitt og koma ár sinni sem best fyrir borð. Samskipti ríkja byggjast á bæði skráðum og óskráðum reglum sem saman mynda ákveðin grunn. Ef ríki eru óviss um fyrirætlanir annars ríkis geta skapast ýmis vandamál, svo sem vopnakauphlaup og öryggisklemma. Sá fyrsti sem fram kom með hugtakið öryggisklemma var John. H. Herz sem talaði um að pólitískar einingar lifi og hrærist í heimi þar sem ekkert yfirþjóðlegt vald er til og að í slíku stjórnleysi verði til það sem kallast öryggisklemma. Hópar eða einstaklingar sem búa við slíkt hafa áhyggjur af eigin öryggi og að á þá verði ráðist, þeir teknir til fanga eða tortímt af öðrum hópum og einstaklingum. Í tilraun til að verja sig gegn slíkri árás hafa þeir þörf fyrir að reyna að ná sífellt meiri völdum til að losna undan áhrifum frá öðrum. Þetta hins vegar skilur hina eftir með minna öryggi og hvetur þá til að undirbúa sig undir það versta. Þar sem enginn getur fundið til fullkomins öryggis í slíkum samkeppnisheimi, skapast valdabarátta í kjölfarið og vítahringur öryggis og valdasöfnunar hefst (Herz, 1950). Hugtakið felur í sér skynjun ríkja á ætlunum þeirra annars vegar og mat þeirra á hernaðarstyrk hins vegar. Klemman (e. dilemma) verður þegar aðgerðir eins ríkis til að auka hernaðarstyrk sinn og þar með öryggi sitt valda því að annað ríki (eða fleiri ríki) telur sér ógnað eða það búi við aukið óöryggi. Fyrirnefnda ríkið gæti ætlað sér að auka varnargetu sína en annað ríki túlkað það sem aukna sóknargetu og þar af leiðandi ógn við sig og fundið sig knúið til að auka einnig hernaðarmátt sinn. Fyrirnefnda ríkið gæti þá aukið enn á hernaðarmátt sinn sem ýtti enn frekar undir að önnur ríki tækju til aðgerða og þar með skapast vítahringur vopnakauphlaups (Lawson, 2003).

1.4 Valdajafnvægi

Valdajafnvægi eða þörfin fyrir það er hugtak nátengt öryggisklemmuni og lýsir ákaflega vel því ástandi sem hefur ríkt á Kóreuskaganum og í raun í norðaustur Asíu allri. Í alþjóðastjórnámálum er valdajafnvægi talið vera til staðar þegar stöðugleiki ríkir á milli keppandi aflu. Hugtakið á uppruna í alþjóðalögum og stendur fyrir svokallað „réttlátt jafnvægi“ milli ríkja, þá skýrir það kenningu sem ætlað er að koma í veg fyrir að eitthvert eitt ríki verði nægilega sterkt til þess að þröngva vilja sínum upp á hin ríkin. Valdajafnvægi er einnig mikilvægt hugtak í formgerðar raunhyggju. Í jafnvægi valdakerfis, getur ríki valið að taka þátt í annaðhvort bandalagi með öðrum ríkjum gegn sterkara ríki, oft í því skyni að jafna

út völdin, eða leita skjóls hjá valdameira ríki sér til hagsbóta. Á stríðstímum getur þetta haft mikil áhrif á hvort og hvernig ríki komast af. Þó verður að hafa í huga að ríki mun hafna samvinnu við önnur ríki ef það sér fram á að hlutfallslega tapa völdum við það eða óttast að vera svikið (Tang, 2008).

2.0 Ein þjóð tvö ríki

2.1 Kórea

Í þessum kafla verður fyrst farið örstutt yfir sögu Kóreu aðallega eftir að landinu var skipt upp í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar. Það er gert til þess varpa ljósi á það stjórnmálalega umhverfi sem Kóreurríkin eiga rætur til. Síðar í kaflanum verður farið nánar í sögu hvers ríkis fyrir sig og samskipti þeirra á milli.

Kórea á sér um margt sérstaka sögu. Á síðari hluta nítjándu aldar voru fá ríki sem höfðu átt jafn samfellda sögu stöðugleika, einsleitni og einangrunar frá umheiminum og Kórea sem var þess vegna kallað „the hermit kingdom“ eða einbúa konungsríkið. Eins og svo mörg ríki sem ekki tilheyrðu hinum svokallaða vestræna heimi varð Kórea heimsvaldastefnunni að bráð. Það sem þó var frábrugðið á nýlendutíma Kóreu var að þeir voru á valdi Japana sem er nágrannaríki með svipaða menningu og siði. Það sem hinsvegar gerði samtímasögu Kóreu svo einstaka er að landinu var skipt upp í tvö ríki á 38. breiddargráðu árið 1945 af Bandaríkjunum og Sovétríkjunum í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar. Landinu var skipt upp án þess að nokkur efnahagslegur, sögulegur eða menningarlegur munur væri á svæðunum. Þjóð sem í 13 aldir hafði búið við hugsun um þjóðarheild og var ein einsleitasta þjóð í heimi var einfaldlega skipt upp í tvo álíka stóra hluta af stórveldunum tveimur. Þó svo að upphaflega væri hugmyndin sú að um tímabundna ráðstöfun væri að ræða þá fóru nánast samstundis að mótast tvö algerlega ólík ríki. Árið 1948 voru svo formlega stofnuð tvö ríki Lýðveldið Kórea (e. Republic of Korea) sem er betur þekkt sem Suður- Kórea og svo hið Lýðræðislega alþýðulýðveldi Kóreu (e. Democratic People's Republic of Korea) eða Norður-Kórea. Þessi tvö ríki þróuðu með sér mjög svo ólíka stefnu í stjórnmálum í anda umsjónarríkja hvors um sig. Suður-Kórea með Bandaríkjunum og Norður-Kórea með Sovétríkjunum. Bæði ríki litu svo á að um tímabundið og óásættanlegt ástand væri að ræða. Það leiddi svo til blóðugustu átaka síðan heimstyrjöldinni síðari lauk þegar Norður-Kóreskur her réðst inní Suður-Kóreu með það fyrir augum að sameina ríkin með valdi. Þau blóðugu átök stóðu yfir frá árinu 1950-1953 og hefur í raun aldrei formlega lokið þar sem einungis var samið um vopnahlé en ekki hefur verið samið um frið. Í kjölfar

Kóreustríðs hafa ríkin tvö svo þrúast áfram í afar ólíkar áttir. Þannig hefur orðið til í Norður-Kóreu eitt lokaðasta alræðisríki veraldar en í Suður-Kóreu hefur verið lýðræðisþróun og efnahagslegur árangur svo eftir er tekið (Seth, 2010).



Mynd 1. Kort sem sýnir legu Kóreuríkjanna og nágrennaríkja

Til þess að átta sig betur á því hvað olli því að þessi tvö ríki þróuðust í svo ólíkar áttir og urðu þeir andsæðingar sem þau eru í dag kemur hér fyrst umfjöllun um Suður-Kóreu.

2.2 Suður-Kórea

Þrátt fyrir að í Norður-Kóreu hafi gengið þokkalega að koma á ríkisstjórn undir stjórn kommúnista var ekki sömu sögu að segja um ástandið í suður hlutanum undir stjórn Bandaríkjanna. John R. Hodge hershöfðingi var settur yfir hernáminu. Bandaríkjamenn voru ekki vel undir hernámið búnir og þegar átti að koma á starfhæfri stjórn urðu miklir samskiptaörðugleikar þeim fjötur um fót. Á endanum var þó völdunum komið í hendur herstjórnar Bandaríkjanna (e. United States Military Government in Korea), hér eftir nefnt USAMGIK. Um haustið 1945 var pólitískt landslag í Suður Kóreu samsett af kommúnistum undir stjórn Pak Hon Yong sem enn eygðu von um að vinna með öðrum flokkum og á endanum koma á byltingu, íhaldsmönnum í KDP (e. Korean Democratic Party) sem voru fulltrúar landeigenda og viðskipta elítunnar, vinstri sinnum á borð við Yo Un Hyoun, öfgamönnum bæði til hægri og vinstri og Syngman Rhee sem síðar varð fyrsti forseti landsins (Seth, 2010) (M.P.Srivastava, 1982).

Eftir sem áður var hernám Bandaríkjanna til staðar og Kóreubúar voru komnir með nóg af hernámi eftir áralanga veru hernámsliðs Japana. Seinni heimstyrjöldin hafði nú skapað

tvískipta Kóreu þegar stórveldin fjögur, sigurvegarar seinni heimstyrjaldarinnar, Bandaríkin, Kína, Sovétríkin og Bretar, gengu frá samkomulagi um að Kórea skildi verða sérstakt verndarsvæði Sameinuðu Þjóðanna. Samkomulag varð um að verndar fyrirkomulagið skildi vara í 5 ár en mikil andstaða var við þessa ákvörðun í Kóreu sem þó var ekki langlíf þar sem kommúnistum var skipað af sovétmönnum að styðja ákvörðunina. Andstaðan í suðri fuðraði upp þegar einn helsti talsmaður hennar Song Chin-U, sem var talinn vera framtíðar pólitískur leiðtogi, var myrtur og stuðningsmönnum hans hótað. Á sama tíma í norður hlutanum var verið að koma Cho Man-Sik frá völdum sem var harður andstæðingur verndarsvæðisins. Í upphafi ársins 1946 var því í raun búið að skipta Kóreuskaganum í tvö áhrifasvæði í norðri og suðri. Er talið að það hafi ekki verið upphaflegur ásetningur Bandaríkjamanna, Sovétstjórnar og alls ekki Kóreubúa. (Seth, 2010) (M.P.Srivastava, 1982)

Upphaf nýrrar stjórnar í Suður-Kóreu.

Þann 14. febrúar 1946 var komið á fót því sem var kallað Lýðræðislegt fulltrúaráð (e. Representative Democratic Council) sem átti að vera vettvangur fyrir ólíkar stjórnmalaskoðanir en var stjórnað af íhaldsöflum og hafði lítil völd. USAMIGK setti á laggirnar bráðabirgða löggjafarþing sem aldrei náði að verða starfshæft og til varð stjórnmalá kreppa ofan á efnahagskreppuna sem reið nú yfir með óðaverðbólgu og atvinnuleysi. Þessu fylgdi svo órói og mótmæli og USAMIGK stofnaði því lögreglu (KNP) sem samanstóð aðallega af fyrrverandi lögreglumönnum sem staðið höfðu vaktina fyrir japanska hernámsherinn og beittu miskunnarlaust sömu ofbeldisfullu aðferðunum við að hafa hemil á mannskapnum. Þannig var því komin upp sú staða að margir Suður Kóreubúar litu á bæði lögreglu og her sem ógn við sjálfstæði þjóðarinnar (Seth, 2010).

Þannig var andrúmsloftið þegar Syngman Rhee fór að láta til sín taka í stjórnmalum. Hann var kosinn fyrsti forseti lýðveldisins Kóreu (ROK) þann 20. júlí 1948 af miklum meirihluta þingmanna, en forsetaembættinu höfðu verið færð mikil völd í stjórnskránni sem samþykkt var skömmu áður. Formlega var lýðveldið Kórea ekki stofnað fyrr en þann 15. ágúst 1948 og Sameinuðu þjóðirnar lýstu yfir í desember sama ár að kosningarnar hefðu verið lögmætar og ríkistjórn Syngman Rhee eina ríkistjórnin sem hefði slíkt lögmæti á Kóreuskaganum. Yfirvöld á norður svæðinu voru því fljót til og lýstu yfir stofnun ríkis og til varð alþýðu lýðveldið Kórea (e. Democratic Peoples Republic of Korea) og þar með tvö sjálfstæð ríki á Kóreu skaganum (Seth, 2010). (M.P.Srivastava, 1982).

Hið nýstofnaða ríki sem á vesturlöndum gekk undir nafninu Suður-Kórea átti afar erfitt uppdráttar á upphafsárum sínum. Efnahagur landsins hafði allur verið miðaður að þörfum Japana, suðurhluti landsins hafði fyrst og fremst verið notaður til að framleiða hrísgrjón ofan í þá og nú var ekki neinn ytri markaður til fyrir þá framleiðslu. Mest allur iðnaður var í norðurhlutanum sem og rafmagnsframleiðsla. Þannig gátu Norður Kóreubúar lokað fyrir flutning á rafmagni til suðurhlutans. Þeir Japanir sem bjuggu yfir tæknikunnáttu höfðu yfirgefið landið sem gerði ástandið afar erfitt. Stjórnarhættir Syngman Rhee forseta voru í alræðisstíl þrátt fyrir það að hann hafi búið og menntað sig í Bandríkjunum. Stjórn málin voru hlaðin af ótta við kommúnistaógnina og óánægju með þá, sem líkt og Rhee, höfðu haft nán tengsl við Japönsku nýlenduherrana og jafnvel haft af því umtalsverðan gróða. Mikill órói var jafnframt á landamærum Suður og Norður-Kóreu, óeirðir og mótmæli algeng. Þann 27. október 1948 voru umdeild öryggislög samþykkt í þinginu. Með þau lög að vopni hófu stjórnvöld pólitískar hreinsanir og talið er að um 700 manns hafi verið handteknir í vikunni á eftir. Samkvæmt upplýsingum frá Bandaríkjamönnum á þessum tíma voru yfir 30,000 pólitískir fangar í suður kóreskum fangelsum. Hreinsanir áttu sér stað í skólum landsins, stofnunum og skrifstofum hins opinbera (Seth, 2010). Stofnun hins nýja ríkis Suður-Kóreu fór því ekki vel af stað og erfiðleikarnir miklir og aðstæður flóknar. Baráttan um völdin er hér í algleymingi og aðstæður í alþjóðastjórnámálum kynda verulega undir. En erfiðleikarnir voru rétt að byrja.

2.3 Kóreu stríðið

Þann 25. júní 1950 gerðu hersveitir Kim Il Sung áráð á Suður Kóreu af fullum þunga. Aðaláhersla var lögð á að hertaka Seoul og það tókst á einungis tveimur dögum. Hersveitir norðanmanna voru mun betur búnar og mannaðar. Innrásin kom öllum á óvart en Bandaríkjamenn brugðust fljótt við og Truman þáverandi forseti veitti MacArthur hershöfðingja leyfi til að beita herafla Bandríkjanna og styðja við her Suður Kóreu. Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti ályktun fyrir tilstuðlan Bandríkjanna sem veitti þeim heimild til íhlutunar (S.P, Öryggisráð, 1950). Þessi ályktun er afar merkileg því hún mætti engri mótstöðu þar sem Sovétmenn, sem hafa neitunarvald í Öryggisráðinu, voru ekki á staðnum í mótmælaskyni við ákvörðun öryggisráðsins að leyfa kommúnistum ekki að taka sæti í ráðinu í stað útlægra stjórnvalda í Taiwan. Þessi ályktun fór fram á að herir Norður Kóreu drægju sig til baka og hvatti aðildarþjóðir til styðja við bakið á her Suður Kóreu. Töluverður mannaflí var sendur af stað þó svo að meginhlutinn hafi komið frá Bandríkjunum. Strax í upphafi urðu herir Bandríkjanna að hörfa og hægt og rólega náði her Norður- Kóreu að

þvinga víglínuna lengra í suður og í júní árið 1950 höfðust allar herdeildir Suður Kóreu og bandamanna þeirra við á Pusan svæðinu í suð-austur hluta landsins á mjög litlu svæði. Þrátt fyrir þetta höfðu Norður-Kóreskir hershöfðingjar átt von á þetta gengi enn hraðar fyrir sig þar sem gert var ráð fyrir að vinstri sinnaðir skæruliðar gengju til liðs við her Norður-Kóreu en svo var ekki (Seth, 2010). Í ágúst árið 1950 voru Kínverjar farnir að hafa áhyggjur af gangi mála og höfðu lagt á ráðin að senda sjálfboðaliða til að aðstoða Norður-Kóreumenn ef bandaríska herafnanum tækist að snúa átökunum sér í hag. Á sama tíma kom Douglash MacArthur hershöfðingi með þá hugmynd að gera óvænta árás á Norður-Kóreska herinn með því að taka land á Incheon sem þá var lítil hafnarborg í nágrenni Seoul. Þrátt fyrir efasemdaraddir innan hersins var farið af stað með þessa áætlun og hún kom Norður-Kóreska hernum gjörsamlega í opna skjöldu og hersveitir Sameinuðu þjóðanna undir forustu MacArthurs náðu Seoul og hröktu þá sem eftir lifðu til norðurs. Þegar hér var komið við sögu hafði orðið gífurlegt mannfall í röðum sunnan manna og er talið að 111,000 Suður Kóreubúar hafir týnt lífi, 57,000 horfið og 300,000 heimili eyðilögð. Auk þessa fórust um 7000 manns úr herafli S.Þ (Seth, 2010) (M.P.Srivastava, 1982).

Áfram er barist

Stríðinu var þó hvergi nærri lokið. Þrátt fyrir að nú væri komin upp sú staða að búið væri að hrekja Norður-Kóreska herafnan norður fyrir 38. breiddargráðu þá var það hvorki nóg fyrir MacArthur né Syngman Rhee. Nú eygðu menn þá von að hægt væri að sameina ríkin með valdi og það úr suðri. Ályktun Sameinuðu þjóðanna hafði einungis gert ráð fyrir því að hrekja ætti Norður-Kóreska herinn á brott yfir landmærin á 38. breiddargráðu. En bandarísk stjórnvöld gáfu skipun um að öllum herafli Norður-Kóreu skildi eytt og Sameinuðu þjóðirnar samþykktu mjög svo óljósa ályktun þess efnis að herir undir fánum Sameinuðu þjóðanna mættu fara yfir landmærin í þeim tilgangi að koma á fót ríkisstjórn sameinaðrar Kóreu (Seth, 2010). Um það bil þegar leit út fyrir að sameina ætti Kóreu undir stjórn Sameinuðu þjóðanna réðst Kínverski alþýðuherinn til atlögu. Það tók ekki nema örfár vikur fyrir kínverska alþýðuherinn að ná Norður-Kóreu aftur á vald Kommúnista. Kínverjar höfðu ákveðið að senda inn her um leið og her Sameinuðu þjóðanna fór yfir landamærin til norðurs. Einhverjir hátt settir embættismenn í stjórn Maó munu hafa ráðlagt honum að ráðast ekki gegn herjum Sameinuðu þjóðanna af ótta við að styggja Bandaríkin um of. Maó lét sér þó ekki segjast og lagði á það áherslu að ekki kæmi til greina að fá Bandaríska herafli að landmærum Kína og til þess yrði Norður-Kórea að vera einskona „stuðari“ (e. Buffer-State).

Að auki átti Maó þann draum að hrekja Bandríkjameinn algerlega af Kóreuskaganum til að kynda undir byltingaandanum í Asíu (Seth, 2010).

Þann 4. janúar 1951 tóku Kínverjar Seoul en her Sameinuðu þjóðanna náði borginni aftur á sitt vald í mars, það var þá í fjórða sinn sem hún féll á innan við ári. Truman stjórnin sem hafði á þessum tímamarki tekist að hrekja kínverska herinn norður fyrir 38. breiddargráðu var nú tilbúinn að semja um vopnahlé. MacArthur var hinsvegar ekki á því að gefast upp og sagði að: “ekkert kæmi í staðinn fyrir sigur.” Hann var settur af og fenginn var til starfans Matthew Ridgeway hershöfðingi, var þetta í apríl 1951. Maó virtist vera tilbúinn að fallast á að landærin yrðu dregin á 38. breiddargráðu um það bil á þeim stað sem þau voru áður en stríðið hófst. Samningaviðræður hófust en stríðið átti eftir að dragast á langinn og formlega hefur stríðslokum ekki verið líst yfir. Samið var um vopnahlé í júlí 1953 (Seth, 2010) (M.P.Srivastava, 1982). Þessi fyrsta tilraun til að sameina ríkin tókst því ekki og festi einungis í sessi það algera vantraust og ótta sem ríkti á milli ríkjanna. Jafnframt kristallaðist í stríðinu valdabarátta stórveldanna og tilraunir til að ná valdajafnvægi á svæðinu. En nú aftur að sögu ríkjanna en í þessum kafla verður fjallað um hvernig ríki varð til í norðurhluta landsins.

2.4 Norður-Kórea

Eins og áður hefur komið fram er Norður-Kórea á margan hátt einstakt ríki. Þar hefur allt frá því að vopnahléi í Kóreu stríðinu var komið á, árið 1953, ríkt mikil harðstjórn og einangrunarstefna. Leiðtogi landsins Kim Jong-il tók við völdum af föður sínum og útlit er fyrir að hann ætli sér að reyna að koma völdunum áfram til sonar síns og þar með viðhalda því stjórnarfarum sem þar ríkir (French, North Korea: The Paranoid Peninsula - a modern history, 2005).

Þegar stjórnarfar í Norður-Kóreu er greint beinist athyglin óhjákvæmilega fljótlega að persónu Kim Il-Sung þar sem völd hans voru mikil og flest það sem telst til séreinkenna hans í stjórnarháttum hefur sonur hans arftakinn Kim Jong-il tileinkað sér.

Kim Il-Sung

Kim Il-Sung var fæddur í bænum Mangyondae nálægt Pyongyang höfuðborg Norður-Kóreu árið 1912. Hann barðist gegn Japönnum með skæruliðum í Kína þar sem hann ólst upp en fékk skjótan frama innan skæruliðahreyfingarinnar. Árið 1940 fór hann til Sovétríkjanna þar sem hann var gerður að yfirmanni í Rauða hernum. Hann var svo sendur til Pyongyang í

september árið 1945 og gerður að leiðtoga landsins og flokksins með stuðning Sovétstjórnarinnar. Hann var formaður Kóreska verkamannflokksins sem og leiðtogi landsins þar til hann lést árið 1994. Þegar samskipti Kína og Sovétríkjanna fóru versnandi á síðari hluta sjötta áratugarins notaði Kim Il-Sung tækifærið til að fjarlægast Sovétstjórnina sem varð til þess að hann varð einn sjálfstæðasti leiðtogi kommúnista blokkarinnar. Hann neitaði að taka þátt í þeirri af-Stalíniseringu sem átti sér stað í Sovétríkjunum á þessum tíma og setti sjálfur af stað miklar hreinsanir á þeim sem talist gátu til andstöðu innan flokksins (Service & Pons, 2006).

Stjórnsmál og hugmyndafræði

Juche er hryggjarstykkið í hugmyndafræði Norður- Kóreu. Þar er á ferðinni stefna sem miðar að því að gera Norður- Kóreu algerlega óháða umheiminum. Juche stefnan er eins konar blanda af stalínisma, maóisma og ný-konfúsíanismi og var hluti af hugmyndafræðilegri endurskoðun sem víða fór fram í Kommúnistaríkjum á árunum eftir dauða Stalíns. Stalínismi og Maóismi voru stefnur leiðtoga Sovétríkjanna og Kína, byggðar á kenningum Karl Marx. Konfúsíanismi er Kínversk heimspeki sem var gríðarlegur áhrifavaldur í Kóreu þar sem lögð er áhersla á mikilvægi fjölskyldunnar og virðingu fyrir valdi. Juche þýðir í raun „sjálfstæði“ eða „sjálfsþurft“. Hugmyndafræðin á bakvið Juche er að mestu húmanísk, það er að segja að maðurinn sé mælikvarði og meistari alls. Upphaflega voru hugmyndafræðilegar og stjórnsmálafræðilegar stoðir Juche stefnunnar þrjár, að Norður Kórea skyldi hafa pólitískt sjálfstæði (k. *chajusong*), að hún skyldi vera efnahagslega sjálfbær (k. *charip*), og að landvarnir hennar skyldu byggjast á sjálfsvörn (k. *chawi*). Auk þess bætti Kim Jong-il fjórðu stoðinni við, að herinn skyldi vera í fyrsta sæti (k. *songun*). Kim Jong-il, sem er núverandi forseti og sonur Kim Il-Sung, er alvaldur í túlkun og útfærslu Juche (French, North Korea: The Paranoid Peninsula-a modern history, 2005). Hérna er á ferðinni dæmi um það hvernig Norður-Kórea hefur í það minnsta reynt að skapa sér sérstöðu. Þrátt fyrir að stalínismi sé á margan hátt undirstaðan í stefnunni er alræðið tekið enn lengra og spilað á þjóðareinkennin með því að tengja við Konfúsíanismi.

Mikil miðstýring og eignarhald ríkisins, áhersla á hröð umskipti í samfélaginu og þungaiðnað

Fram til dagsins í dag hefur Norður-Kórea staðið fyrir mjög stífri miðstýringu í efnahagsmálum þar sem efnahagsmálum er algerlega stjórnað af ríkinu. Norður-Kóreumenn hafa af mikilli hörku haldið niðri öllum mörkuðum og komið í veg fyrir að gjaldmiðillinn væri á einhvern hátt tengdur við aðra gjaldmiðla eða verðmæti svo sem gull. Í staðinn hefur verið komið á skömmtunarkerfi sem stjórnvöld hafa algjöra yfirsýn yfir og er kallað „þjóðar dreifikerfi“ (e. Public distribution system). Jafnframt hefur verið komið á ríkisreknum iðnaði og landbúnaði. Miðstýringin er nörvuð niður í 34. grein stjórnarskrárinnar þar sem kveðið er á um að ríkið skuli framkvæma nákvæmt heildarplan sem tryggi mikla framleiðslu og efnahagslegt jafnvægi. Í Norður-Kóreu er meiri áhersla lögð á að hafa völd yfir og stjórn á dreifingu en fjármunum sem slíkum. Algjört bann ríkir við gjaldeyrisviðskiptum og öllum þáttum efnahagslífsins er stjórnað af ríkinu/flokknum. Aðaláherslan í efnahagsmálum er því á miðstýringu og segja má að sú stefna hafi verið innflutt frá Sovétríkjunum þegar Norður-Kórea kom á fót stofnun sem var að öllu leyti sambærileg hinni öfluggu Gosplan sem var ábyrg fyrir efnahagstefnu Sovétríkjanna. Þar var á ferðinni sá miðstýrði ríkisbúskapur sem Stalínstjórnin ætlaðist til að önnur kommúnista ríki, sem stundum voru kölluð fylgitungl Sovétríkjanna svo sem Albanía, Búlgaría, Tékkóslóvakía, Austur-Þýskaland, Ungverjaland, Pólland, Rúmenía og svo síðar Víetnam og Kúba kæmu í framkvæmd. Stefnan var í megindráttum sú að efnahag þessara landa skyldi miðstýrt af stjórnvöldum og áhersla lögð á samyrkjubúskap og hröð umskipti iðnvæðingar með aðaláherslu á þungaiðnað (French, North Korea: The Paranoid Peninsula-a modern history, 2005).

Alger endurskipulagning landbúnaðar með samyrkjubúum.

Frá stofnun Norður-Kóreu hefur landbúnaður verið settur í annað sæti á eftir iðnaði í forgangs röðun stjórnvalda sem endurspeglar áhrifin frá Sovétríkjunum á tímum Stalíns. Kim Il-Sung tók heilshugar á móti stefnu Sovétmanna í landbúnaðarmálum og endurskipulagði landbúnaðinn á sama hátt og gert hafði verið í Sovétríkjunum. Það var gert með því að taka allt land eignarnámi af hinum hefðbundnu Kóresku landeigendum (k. *yangban*) sem og Japönskum nýlenduherrum. Þetta var gert að hluta til árið 1946 og leiddi til þess að framleiðsla snarminnkaði. Síðar eða á árunum 1954-1958 var svo öllum býlum endanlega breytt í samyrkjubú í ríkiseigu. Samyrkjuvæðingin í Norður-Kóreu var langt því frá að vera

jafn grimmúðleg og í Sovétríkjunum eða Kína. Til dæmis var landeigendum leyft að yfirgefa landið og á árunum 1954-1958 fóru 5 milljónir manns yfir til Suður-Kóreu. Þrátt fyrir að lítið hlutfall hafi verið ræktað í samanburði við önnur ríki gat Norður-Kórea brauðfætt þjóðina fram að Kóreu stríði (French, North korea: The Paranoid Peninsula-a modern history, 2005). Eftir það hefur geysað hungursneyð með reglulegu millibili, síðast á tíunda áratug síðustu aldar sem náði hámarki árið 1997, en talið er að Norður-Kórea sé enn ekki sjálfri sér nóg í matvælaframleiðslu (Noland, Robinson, & Wang, 2007).

Hreinsanir hafa verið fyrirferðamiklar í Norður-Kóreu og þeir sem eru andvígir eða taldir keppinautar leiðtogans hafa verið dregnir fyrir dómstóla og teknir af lífi. Einn þeirra var Pak Hon-Jong sem var utanríkisráðherra og einn af stofnendum kommúnistaflokks Norður-Kóreu. Honum var gefið að sök að hafa hitt bandarískan njósnara að nafni Underwood og gengið til liðs við Japönsku leyniþjónustuna árið 1925. Þrátt fyrir andspyrnu, þar sem hann hafði töluverð áhrif, var hann dæmdur í leynilegum réttarhöldum og tekinn af lífi árið 1955. Árið 1977 var miklum fjölda af æðstu mönnum innan kommúnistaflokksins, hersins og hagstjórnarinnar komið fyrir kattarnef í hinu svokallaða and-Kim Jong-il plotti þar sem talið var að um andstöðu við leiðtogann væri að ræða. Árið 1973 stofnaði Kim Il-Sung „special handling unit“ sem í voru læknar, skyttur, bardagamenn og bílstjórar. Þeir eru sagðir hafa tekið af lífi töluverðan fjölda af andstæðingum Kim Il-Sung (French, North korea: The Paranoid Peninsula-a modern history, 2005).

Þrælabúðir

Í skýrslu sem skrifuð er af David Hawk (2003) fyrir Bandaríska mannréttindastofnun um málefni Norður-Kóreu er tekinn fjöldi viðtala við fyrrverandi fanga og fangaverði í Norður-Kóreskum fangabúðum. Þar kemur fram að Norður-Kóreubúar eru handteknir fyrir litlar sakir svo sem eins og að lesa í erlendu dagblaði, syngja suður-kóreskt popplag eða móðga yfirvöld. Flestir fangarnir eru þó pólitískir fangar sem taldir eru ógna á einhvern hátt yfirvöldum. Þeir eru fluttir í fangabúðir þar sem þeir eru þvingaðir til að vinna erfiðisvinnu í skógarhöggi eða námugreftri. Þar breytir engu hvort viðkomandi er kona, barn eða gamalmenni. Þrjár kynslóðir eru jafnvel fangelsaðar án dóms og laga fyrir það eitt að vera á einhvern hátt tengdar pólitískum andstæðingum ríkjandi stjórnvalda. Fjölskyldum er haldið aðskildum og aðstæður eru mjög slæmar þar sem fólk er pyntað og matarskammtar eru undir hungurmörkum. Anne Appelbaum (2003) höfundur bókarinnar *Gulag: A History* skrifar

formála í skýrsluna, hún fullyrðir að ekki einungis séu núverandi leiðtogar Norður-Kóreu siðferðis og vitsmunalegir arftakar þeirra stalínista sem komu á Gúlaginu í Sovétríkjunum á sínum tíma heldur séu fangabúðirnar beinlínis að stalínískri fyrirmynd.

Dýrkun á leiðtoganum

Kim Il-Sung kom á fót þeirri gríðarmiklu persónudýrkun á leiðtoganum sem enn á sér stað í Norður-Kóreu. Svo langt hefur verið gengið að í raun er hægt að tala um að leiðtoga hafi verið tekinn í guðatölu. Nákvæmlega útfært kerfi helgisiða hefur verið innleitt og er framfylgt af mikilli hörku. Allt frá árinu 1970 hafa allir Norður-Kóreubúar þurft að bera á sér barmmerki með mynd af leiðtoganum. Jafnframt er öllum skylt að hafa mynd af leiðtoganum hangandi á vegg á öllum heimilum og ætlast er til að allir votti stytum af leiðtoganum virðingu sína á hátíðisdögum. Gríðarlegum fjármunum hefur verið veitt til að reisa og viðhalda risavöxnum minnismerkjum um leiðtogana (Service og Pons, 2006). Á tímum Stalíns náði persónudýrkun á leiðtoganum hæstu hæðum. Stalín var sagður hafa hæfileika sem voru allt að því yfirnáttúrlegir. Hann átti að hafa einstakt innsæi og kraft til að fá aðra til að vinna með sér auk þess átti hann að hafa hæfileika til að leysa flókin mál á einfaldan hátt. Þessi dýrkun færði leiðtogann í þann búning sem gaf honum ákveðið lögmæti. Ímyndin sem verið var að skapa var ímynd föður, kennara, leiðtoga og vinar. Boðskapurinn var breiddur út í gegnum fjölmiðla og menntakerfið með áróðri sem var klæðskerasniðinn að þeim þjóðfélagshóp sem fólk tilheyrði svo sem konur, börn eða þjóðerni (Service og Pons, 2006). Þrátt fyrir að hæfileikar Stalíns hafi verið ýktir, sem og þáttur hans í byltingunni eða hversu nákominn hann var Lenín, þá hefur dýrkun á leiðtogum Norður-Kóreu verið tekin mun lengra. Kim Jong-il var samkvæmt opinberum skýringum fæddur undir regnboganum á helgu fjalli sem svo fyllist blómaskrúð á afmælisdaginn hans á hverju ári í febrúar þegar ekki er stingandi strá í Kóreu vegna kulda (French, North Korea: The Paranoid Peninsula - a modern history, 2005). Það er því óhætt að fullyrða að persónudýrkun sé tekin lengra í Norður-Kóreu en í Sovétríkjunum á tímum Stalíns og jaðri við að búið sé að taka leiðtogana í guðatölu.

Norður-Kórea hefur í dag yfir að ráða miklum herafli en fyrir utan gjöreyðingarvopn eins kjarnorkusprengjur og efnavopn þá samanstendur herinn af um 1,200,000 manna aðalliði og 7,000,000 varaliði en í Norður-Kóreu búa um 24.500,000 manns. Þetta eru töluvert meira en í Suður-Kóreu en þar eru 650,000 manns í hernum en íbúar eru um 48,700,000. Auk þessa getur stórskotalið Norður-Kóreu skotið allt að 500,000 skotum á klukkustund á Seoul og

nágrenni, ræður yfir allt að 70 kafbátum og hefur í viðbragðsstöðu 200,000 manna sérsveit sem er sú stærsta í heiminum. Tölvuárásir eru líka stundaðar af Norður-Kóeru og hafa gert mikinn usla. Suður-Kórea á 10 kafbáta og drífur ekki á neitt skotmark í Norðu-Kóreu með sínu stórskotaliði og þegar kemur að tölvuárásum þá er ekki um mörg skotmörk að ræða fyrir slíkar árásir í Norður-Kóreu þó svo að vilji væri til að gera slíkar árásir (Kim T. , 2010, bls. 98-100). Þrátt fyrir þetta hefur verið bent á að her Norður-Kóreu sé að mörgu leyti úreltur og að Suður-Kórea eyði mun meiri fjármunum í varnir en Norður-Kórea. Suður-Kórea eyðir um 26 miljörðum dollara eða 2,6 % af landsframleiðslu en talið er að Norður-Kórea setji allt að því 15% af landsframleiðslu sinni í hernað en afar erfitt er að reikna út slíkt þar sem engar tölur liggja fyrir (Hayes, 2011).

Það er því hægt að sjá að ríkin tvö hafi þróast í ólíka átt og valdabaráttan, óttinn og vantraustið alsráðandi. Samt sem áður er um eina þjóð að ræða og hugmyndir um sameiningu ávallt til staðar.

2.5 Samskipti ríkjanna og hugmyndir um sameiningu 1953-1997

Í nærri tvo áratugi eftir að Kóreustríðinu lauk voru samskipti ríkjanna nánast engin. Hvorugt ríkið viðurkenndi hitt og viðræður á milli þeirra voru einungis í formi hótana sem gjarnan komu í kjölfar ögrana Norður-Kóreu. Sú alvarlegasta var árið 1968 þegar þeir sendu skyndiárásarsveit (e. commando) sem réðst á Bláa húsið sem er forsetabústaður forseta Suður-Kóreu en sú árás misheppnaðist. Báðar ríkistjórnirnar litu svo á að sameining gæti einungis orðið ef öðru ríkinu tækist að kollvarpa hinu (Cha, 1997). Í forsetatíð Park Chung-Hee (1963-1979) var gríðarleg áhersla lögð á efnahagslegar framfarir og hið svokallaða efnahagsundur Suður-Kóreu átti sér stað í tíð hans en þá sneri Suður-Kórea algerlega við blaðinu efnahagslega og reis úr sárri fátækt í gríðarlegan hagvöxt á undraverðum tíma. Í fyrstu fimm ára áætlun stjórnvalda (1962-1966) var hagvöxtur 8,9%. Lýðræði var þó ekki í hávegum haft og óttinn við kommúnismann og Norður-Kóreu var mikill. Park forseti innleiddi það sem hann kallaði stýrt lýðræði (e. guided democracy) sem var í raun einræðisstjórn. Hann hafði gríðarlegt eftirlit með borgurunum. Hann stofnaði leyniþjónustu og lét árið 1972 breyta stjórnarskránni sem færði honum mikil völd. Hann setti á herlög og gekk af hörku gegn pólitískum andstæðingum sínum en var á endanum myrtur af æskuvini sínum og samstarfsfélaga Kim Jae Kyu yfirmanni leyniþjónustu Suður-Kóreu (Seth, 2010).

Þegar tilraunir Kóreskra stjórnvalda til að hefja samræður, fyrir tíma Sólskinsstefnunnar sem var stefna Suður-Kóreskra stjórnvalda á árunum 1998-2008, eru skoðaðar er hægt að skipta þeim í þrjú tímabil (fjallað verður sérstaklega um Sólskinsstefnuna síðar). Það fyrsta átti sér stað í byrjun áttunda áratugarins eða nánar tiltekið á árunum 1972-1973 og fólst í því að fulltrúar Rauða krossins frá báðum ríkjum hófu viðræður um að sameina bæri fjölskyldur sem höfðu orðið viðskila í kjölfar þess að ríkjunum var skipt upp. Á sama tíma voru settar af stað leynilegar viðræður háttsettra leyniþjónustumanna beggja ríkja sem á endanum varð til þess að, öllum að óvörum, var gefin út sameiginleg yfirlýsing beggja ríkja. Í þeirri yfirlýsingu kom fram að bæði ríkin höfðu samþykkt að vinna bæri að sameiningu á sjálfstæðan hátt án afskipta annarra ríkja, á friðsamlegan hátt, án átaka og með þjóðarsamhug (e. gran national unity). Bein símalína milli ríkjanna var tengd sem átti að draga úr hættunni á misskilningi og auka á gegnsæi. Sett var á laggirnar nefnd sem átti að vera vettvangur stjórnvalda til samskipta í málefnum sem varðaði sameiningu (Cha, 1997). Þarna var á ferðinni ný nálgun stjórnvalda í sameiningarmálum þar sem fram til þessa hafði einungis komið til greina að annað hvort kerfið yrði „sigurvegari“ og tæki völdin í Kóreu. Þrátt fyrir þennan sögulega atburð slitnaði fljótlega uppúr og eftir þrjá fundi nefndarinnar og sjö fundi Rauða krossins hafði ekki einu sinni náðst að semja um smávægilegustu atriðin eins og póstsamskipti sundraðra fjölskyldna sem bjuggu sitt hvoru megin við landamærin. Viðræðunum lauk svo endanlega í ágúst 1973 (Cha, 1997).

Annað tímabil þýðu í samskiptum var svo um miðjan níunda áratuginn og hófst með óvenjulegu boði um aðstoð frá Norður-Kóreu til handa Suður-Kóreu í erfiðleikum sem þeir áttu í vegna mikilla flóða. Í október árið 1984 var Rauða kross viðræðunum komið á aftur sem og beinu símalínunni. Í júlí 1985 var svo gefin út önnur sameiginleg yfirlýsing eftir fund nýstofnaðrar þingmannanefndar beggja ríkja þar sem hin fögru fyrirheit um friðsamlega samvinnu og sameiningu sem gefin voru í árið 1972 voru endurtekin. Íþróttalið þjóðanna kepptu saman á stórmótum. Þessar viðræður runnu sömuleiðis út í sandinn og Norður-Kórea sleit einhliða viðræðum í febrúar 1986 í mótmælaskyni við heræfingar Suður-Kóreu og Bandaríkjamanna (Cha, 1997). Á þessum tíma var Chun Doo-Hwan forseti Suður-Kóreu en hann var við völd árin 1980-1988. Áður hafði Choi Kyu-hah haft völdin í eitt ár eftir að Park hafði verið myrtur. Chun sem var hershöfðingi og yfirmaður Suður-Kóresku leyniþjónustunnar tók völdin í gegnum herinn og stjórnaði með einræðistilburðum, breytti stjórnarskránni og setti á herlög rétt eins Park. (Seth, 2010)

Þriðja tímabilið var svo á árunum 1988-1992 á meðan Chun Doo –Hwan var við völd og hófst með einhliða yfirlýsingu Suður-Kóreskra stjórnvalda þess efnis að þeir vildu opnari samskipti. Í kjölfarið var svo viðræðum á vegum Rauða krossins um að sundraðar fjölskyldur gætu hist haldið áfram. Fleiri íþróttaviðburðir með sameiginlegum liðum urðu staðreynd og viðskipti jukust á milli landanna. Forsætisráðherrar ríkjanna hittust á fundi og á endanum var skrifað undir tvenns konar samkomulag. Annað tengt sáttum, samvinnu og friði (e. Basic agreement on Reconciliation. Non aggression and Exchanges and cooperation) og hitt kjarnorkulausum Kóreuskaga (e. Joint declaration on Denuclearization). Þessir samningar voru samt sem áður ekki á neinn hátt bundnir í lög og þegar Norður-Kórea sem nú lá undir sterkum grun um að vera að þróa kjarnorkuvopn neitaði að hleypa eftirlitsmönnum alþjóða kjarnorkumálastofnunarinnar (IAEA) inn í landið runnu þessar viðræður líka útí sandinn (Cha, 1997). Á þessum tíma er Roh Tae-woo forseti landsins eða árin 1988-1993 en hann var rétt eins og fyrirrennari hans hershöfðingi og átti í raun að vera settur í embætti af honum þar sem stjórnarskrá landsins gerði ráð fyrir að ráðuneyti sameiningarmála veldi forsetann. Gríðarleg andstaða var við þessa ráðagerð og á endanum kom Roh á óvart með því að tilkynna að sett yrði ný stjórnarskrá sem kveði á um forseti skyldi valinn í beinni kosningu. Báðir stjórnarandstöðuflokkarnir buðu fram gegn honum sem gerði það að verkum að atkvæði andstæðinga Roh dreifðust á milli þeirra og Roh hlaut kosningu (Seth, 2010).

Á árunum 1993-1998 var við völd í Suður-Kóreu Kim Young-sam forseti sem var fyrsti forsetinn sem ekki kom úr röðum hersins. Hann lagði á það áherslu í upphafi forsetatíðar sinnar að koma á samskiptum á milli Norður og Suður-Kóreu. Hann leysti meðal annars úr haldi Norður-kóreskan njósnara sem hafði verið í Suður-kóresku fangelsi þrjátíu ár. Samt sem áður var um skammgóðan vermi að ræða þar sem deilur um kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu juku mjög á spennuna og talið er að Bandaríkjamenn hafi verið að hugleiða það alvarlega að varpa sprengjum á leynilega kjarnorkustöð þeirra. Jimmy Carter lék þá stórt hlutverk í að koma á sáttum og fékk Kim Il-Sung til að fallast á að koma af stað viðræðum ekki einungis á milli Bandaríkjanna og Norður-Kóreu heldur líka á milli Kóreuríkjanna. Sá fundur átti að fara fram 25. til 27. júlí 1994 en af honum varð aldrei þar sem Kim Il-Sung lést fyrir þann tíma eða 8. júlí (Harrisson, 2002). Eftir lát hans versnuðu samskipti ríkjanna aftur meðal annars vegna þess að á Suður-Kóreska þinginu deildu menn um hversu viðeigandi það væri ef fulltrúar þeirra yrðu við jarðaför hans. En jafnframt höfðu Suður-kóresk stjórnvöld áhyggjur af þróun mála í samningaviðræðum á milli stjórnvalda í Bandaríkjunum og Norður-

Kóreu þar sem ákveðið var að endurskipuleggja kjarnorkuáætlun þeirra og bæta tvíhliða samskipti (Ji, 2001).

2.6 Sólskinsstefnan 1998-2008

Sólskinsstefnan (e. Sunshine Policy) var stefna stjórnar Kim Dae-jung forseta Suður-Kóreu sem var við völd á árunum 1998-2003 og arftaka hans Roh Moo Hyun sem var forseti 2003-2008. Sólskinsstefnan var sett var af stað til að reyna að bæta samskipti ríkjanna og átti að leiða friðsamlegrar sameiningar. Í henni voru fjögur grundvallar atriði sem tryggja áttu hagsmuni beggja ríkja og þar með þjóðarinnar í heild. Fyrsta var að Suður-Kórea hefði engar áætlanir um að taka yfir eða „gleypa“ Norður-Kóreu né ætluðu þeir sér að ýta undir það á neinn hátt að stjórnvöld í Norður-Kóreu féllu. Annað var að Suður-Kórea mundi ekki lýða neina ögrun á hernaðarsviðinu og áskyldi sér rétt til að verja sig ef til þess kæmi. Þriðja var gagnkvæmni þar sem áhersla var lögð á að í stað þess að ríkin leggðu alla áherslu á eigin hagsmuni þá yrðu þau að skilja og virða stöðu hvors annars og leggja áherslu á sameiginlega hagsmuni. Fjórða grundvallar atriðið í Sólskinsstefnunni var svo að efnahagsmál og stjórnmál þyrftu að vera aðskilin til að viðskipti gætu átt sér stað á markaðslegum forsendum ótengt pólitískum ágreiningi (Kyung-suk, 2002). Hugsunin var jafnframt sú að aðstoð frá Suður-Kóreu vegna matvælastorts og náttúruhamfara yrði óháð pólitískum ágreiningi og á þessum árum sem Sólskinsstefnan var við líði 1998-2008 var gríðarlegum fjármunum eytt úr Suður-kóreska ríkiskassanum til aðstoðar í Norður-Kóreu sem á þessum tíma kom sér upp kjarnavopnum en eitt af þeim verkefnum sem Suður-Kórea studdi við var bygging kjarnaofns sem að sjálfsögðu átti einungis að vera til orkunotkunar (Kyung-suk, 2002). Norður-Kórea tók þessu í fyrstu fálega og taldi að hér væru á ferðinni tilraunir Suður-Kóreu til að breyta Norður-Kóreu í kapítalískt ríki. Þrátt fyrir það var haldinn fyrsti leiðtogafundur ríkjanna í sögunni árið 2000 þegar Kim Dae-jung fór til Pyongyang til að hitta Kim Jong-Il. Kim Dae-jung lýsti því yfir að hann hefði fengið Kim Jong-il til að samþykkja að bandarískur herafli gæti verið áfram á Kóreuskaganum. Það leið þó ekki að löngu þar til að Kim Jong-il lýsti því yfir nauðsynlegt fyrsta skref í átt að sameiningu væri að herafli Bandaríkjanna yrða að hverfa af Kóreuskaganum (KCNA, 2000). Þrátt fyrir að það liti þannig út að mikil breyting væri að verða á samskiptum ríkjanna, en Kim Dae-jung fékk friðarverðlaun Nobels árið 2000 (The Nobel Peace Prize, 2000), þá hefur komið í ljós að meðal þess sem hélt Norður-kóreskum stjórnvöldum við samningaborðið var ólögleg leynileg eingreiðsla frá Suður-Kóreu uppá 500 miljónir dollara í reiðufé. (Lee, 2010, bls. 5). Í skýrslu sameiningarráðuneytisins frá árinu 2010 var Sólskinsstefnunni lýst sem úreltri og misheppnaðri tilraun (Chosunilbo, 2010).

2.7 Lee Myung-bak forseti Suður-Kóreu

Árið 2008 var Lee Myung-bak kjörinn forseti Suður-Kóreu sem markaði nýtt upphaf í stefnu stjórnvalda í sameiningarmálum. Lee tilheyrir íhaldsflokknum (e. grand national party) sem á rætur í herstjórn fyrri ára. Hann komst til valda með háværrri gagnrýni á Sólskinsstefnu Roh Moo Hyun og þeirri linkind sem þeir töldu fyrrum stjórnvöld hafa sýnt gagnvart Norður-Kóreu. Lee setti fram stefnu þar sem það eina sem þeir væru til í að bjóða Norður-Kóreu væri að ef þeir hættu við kjarnorkuáætlun sína þá gæti Suður-Kórea hjálpað til við að hækka þjóðartekjur á mann upp í 3000 dollara á ári með opnun og umbótum. Norður-Kórea hafnaði samstundis þessu tilboði og taldi að hér væri á ferðinni laumuleg aðferð Suður-Kóreskra stjórnvalda til að grafa undan stjórnvöldum í Norður-Kóreu. Öllum samskiptum sem áður höfðu verið á milli ríkjanna var slitið hvort sem um var að ræða endurfundi fjölskyldna eða samvinna sem hafði verið í iðnaði. Norður-Kóresk stjórnvöld réðust í ræðu og riti á stjórn Lee og spenna á landmærunum jókst þar sem skotum var hleypt af en enginn féll né særðist (Moon, 2009). Ögranir á hernaðarsviðinu héldu áfram og árið 2009 skutu þeir á loft langdrægum eldflaugum sem talið var að gætu borið kjarnavopn og sprengdu jafnframt kjarnorkusprengju í tilraunaskyni (Jung-Ho Bae, Abraham Denmark, 2009).

Samskiptin héldu í kjölfarið áfram að versna þó svo að einhverjar minniháttar viðræður hefðu farið fram. Í mars 2010 sökk Suður-Kóreska herskipið Cheonan og var Norður-Kóreu umsvifalaust kennt um verknaðinn. Nefnd á vegum Sameinuðu þjóðanna undir forystu Rússa komst að sömu niðurstöðu (Time, 2010). Þrátt fyrir þetta neituðu Norður-Kóresk stjórnvöld að hafa átt nokkurn þátt í þessari árás (KFA, 2010). Önnur árás var svo gerð þann 23. nóvember á eyjuna Yeonpyeong þar sem tveir létu lífið og 13 særðust þegar Norður-Kóreski herinn lét sprengjum rigna yfir eyjuna (The New York Times, 2010). Þetta var í fyrsta skipti í 20 ár sem árás var beint að almennum borgurum og reiði Suður-Kóreumanna var mikil og í ræðu sem Lee forseti hélt þann 29. nóvember 2010 hét hann því að þessum árásum yrði svarað af hörku ef þær héldu áfram og nú gætu þeir sem styddu við bakið á Norður-Kóreu séð hvernig þeir væru í raun og veru (Myung-bak, 2010). Það hafa verið færð fyrir því rök að ástæðan fyrir þessum árásum Norður-Kóreumanna sem og ferðum Kim Jung-il til Kína hafi verið tengdar því að á þessum tíma var verið að færa völdin formlega frá Kim Jung-il yfir til sonar hans Kim Jung-eun. Þannig hafi verið ætlunin að fá athygli frá umheiminum og styrkja stöðu feðganna inná við með því að sýna hver máttur Norður-Kóreu væri (Lankov, 2010). Fram til dagsins í dag hafa samskipti ríkjanna verið hægt og rólega að batna og komið hefur verið á lámarks samskiptum en þrátt fyrir að Lee forseti

hafi lýst því yfir að Suður-Kóreska þjóðin þurfi að vera búin undir sameiningu á næstu árum (Hakoda, 2010). Rannsóknir sem Suður-Kóreska rannsóknarstofnunin í sameiningarmálum (KINU) gerir á líkum á því að Kórea sé að færast nær sameiningu benda til þess að líkur fari minnkandi á sameiningu. Þessi sama stofnun hefur bent á það að Suður-Kórea sé jafnframt ekki undir það búin að taka á sig þær byrðar sem af sameiningu hlytust (Park Young-Ho, 2010).

Kóreska þjóðin sem nú býr í tveimur afar ólíkum ríkjum er því föst í því sem alþjóðastjórn málafræðin kalla öryggisklemmu. Innrás Norður-Kóreumanna árið 1950 verður ekki skýrð með öðrum hætti en að þeir hafi ætlað að auka völdin á kostnað Suður-Kóreu og notað til þess herstyrk sinn og stuðning Kínverja. Eftir að vopnahlé komst á hefur öryggisklemman verið til staðar og hernaðarleg uppbygging beggja ríkja sínir það. Þrátt fyrir margar tilraunir til sátta og langan kafla þýðu undir áhrifum Sólskinsstefnunnar þá hefur komið í ljós að jafnvel þá var traustið ekki til staðar og óttinn við árás ávallt yfirvofandi. Segja má að sá kafla kóreskrar sögu hafi einkennst af hugmyndum varnarhyggju þar sem gert er ráð fyrir að ekki sé nauðsynlegt að búast við versta ásetningi annarra ríkja og því mögulegt að auka á traust á milli ríkja. Sóknarhyggjan er þó líklega nær því að skýra ástandið af mestum hluta þar sem alla tíð hefur vantraust ríkt og stjórnvöld beggja landa fyrst og fremst hugsað um að halda eða auka völd sín sem er í takt við hugmyndir um valdajafnvægi. Valdajafnvægið á Kóreuskaganum er þó ekki einungis á milli ríkjanna sem honum deila heldur gríðarlega flókið samspil þeirra valdamiklu ríkja sem eiga hagsmuni á svæðinu. Það er því nauðsynlegt þegar verið er að skoða hvers vegna ekki hefur tekist að sameina Kóreuríkin hver þáttur ríkja eins og Bandaríkjanna, Kína, Japans og Rússlands er í því. Næsti kafla greinir hverjir séu hugsanlegir hagsmunir þessara ríkja af sameiningu og þá jafnframt að ekki yrði sameinað og að þar ríkti óbreytt ástand. Það verður gert með því að líta á aðkomu ríkjanna með tilliti til þriggja hugsanlegra sviðsmynda sem talið er að geti leitt til þess að ríkin sameinist en það eru stríð, algert hrun Norður-Kóreska ríkisins eða með hægfara friðsamlegri sameiningu. Næsti kafla fjallar um þessar ólíku sviðsmyndir.

3.0 Ólíkar sviðsmyndir sem gætu leitt til sameiningar

3.1 Stríð

Stríð er klárlega sú sviðsmynd sem hefði verstar afleiðingar fyrir flesta. Margir sérfræðingar hafa í gegnum tíðina talað um möguleikann á því að stríð gæti brotist út á sama hátt og árið 1950 þegar Norður-Kórea réðst inní Suður-Kóreu en með enn alvarlegri

afleiðingum þar sem notaðar yrðu eldflaugar með efnavopnum og jafnvel kjarnavopnum (CSIS, 2002, bls. 7-9). Jafnframt hefur verið sagt að þar sem leiðtogar Norður-Kóreu stjórni landi sínu með miklu harðræði og vænisýki þá séu þeir líklegri til að taka ákvarðanir sem geti jafnvel leitt til þess að þeir fremji „þjóðarsjálfsmorð“ þar sem hernaðarbandalag Suður-Kóreu, Japans og Bandaríkjanna muni klárlega yfirbuga Norður-Kóreska herinn á endanum þó svo að þeir geti valdið gríðarmiklu tjóni á skömmum tíma (CSIS, 2002). Ögrandi hegðun Norður-Kóreu hefur í gegnum tíðina verið túlkuð á þann hátt af sumum að þeir séu tilbúnir að hefja árás og að engin ríkisstjórn sé líklegri til að beita kjarnorkuvopnum sínum (Betts, 1994, bls. 66). Í hvert skipti sem Norður-Kórea sýnir tennurnar með ögrandi hegðun, á borð við þá atburði sem urðu á síðasta ári þegar þeir sökktu herskipinu Cheonan og gerðu árás á eyjuna Yeonpyeong, hafa verið uppi háværar raddir um að von sé á innrás, sérstaklega í fjölmiðlum (The Telegraph, 2010). Aðrir hafa bent á að þrátt fyrir mikla spennu og hernaðarlega uppbyggingu þá hafi ekki orðið stríð á Kóreuskaganum í tæp 60 ár og ef Norður-Kóresk stjórnvöld væru jafn „biluð“ og haldið er fram og hefðu raunverulegan áhuga á að skaða Bandaríkin, Suður-Kóreu eða Japan þá gætu þau gert hryðjuverkaárásir í hverri viku. Það sem hinsvegar vaki fyrst og síðast fyrir stjórnvöldum í Norður-Kóreu sé að lifa af og halda völdum (Kang, 2003).

3.1.1 Algert hrun Norður-Kóreu

Algert hrun (e.implosion) Norður-Kóreska ríkisins er möguleiki sem hefur verið viðraður allt frá því að Berlínarmúrinn hrundi árið 1989. Jafnvel í Suður-Kóreu lét Roh Tae Woo þáverandi forseti setja á stofn nýu nefndir til að undirbúa yfirtöku á Norður-Kóreu sem þá taldi að slíkt hrun væri á næstu grösom (Liu, 1999). Það sem gæti hugsanlega komið slíkri atburðarás af stað er að ef um eins konar byltingu eða uppreisn væri að ræða sem kæmi frá fólkinu sjálfu, það er uppreisn að neðan (e.Crumbling from bellow) eða uppreisn sem kæmi innan úr stjórnkerfinu (e.crumbling from above). Annar mikilvægur þáttur er efnahagur Norður-Kóreu sem er eins og áður sagði algerlega miðstýrður og er í hrikalegu ástandi og Norður-Kórea er afar háð velvilja Kínverja þar sem þeir hafa á síðustu árum verið þeir sem mest styðja við þá. Jafnframt er talið að þar sem nú líti allt út fyrir að Kim Jung-un taki við sem forseti af föður sínum Kim Jong-il þá geti það leitt til þess að valdbarátta hefjist sem gæti valdið slíku hruni (Jinwook Choi, 2009).

Rétt eins og ef að stríð brytist úr þá hefði algert hrun Norður- Kóreu þær afleiðingar fyrir ríkin fjögur að telja má að þau forðist það í lengstu lög. Enn kemur valdajafnvægið við sögu þar sem ríkin virðast öll hafa áhyggjur af því hvar sameinuð Kórea stæði í alþjóðastjórnámálum. Öll ríkin virðast þó gera ráð fyrir að þessi atburður geti orðið og hafa undirbúið sig undir þær margvíslegu afleiðingar sem slíkt hrun gæti haft. Sá efnahagslegi stuðningur sem Kínverjar hafa veitt Norður- Kóreu er þó lykilatríði og hugsanlegt að ef hans nyti ekki við þá aukist líkur á að slíkt hrun verði. Bæði efnahagslegar og pólitískar afleiðingarnar sem ríkin yrðu fyrir gera það að verkum að þau leita allra leiða til að slíkt gerist ekki. Það er því óttinn við að missa völd sem virðist koma í veg fyrir að ríkin séu tilbúin að „leyfa“ Norður-Kóreu að hrynja.

3.1.2 Hægfara friðsamleg sameining

Hægfara friðsamleg sameining er klárlega sú leið sem flest ríkin sem koma að málum vilja fara en þessi leið er þó líklega einmitt býsna hægfara. Sex ríkja viðræðurnar eru helsti vettvangur ríkjanna til að stuðla að slíkri lausn en eftir sem áður er nauðsynlegt að breytingar verði á samskiptum Kóreuríkjanna sjálfra til þess að svo geti orðið. Norður-Kórea hefur eins og áður hefur komið fram komið sér upp kjarnavopnum og árið 2002 héldu Bandaríkin því fram að þeir hefðu viðurkennt að hafa auðgað úran til framleiðslu á slíkum vopnum þrátt fyrir að þeir neituðu því. Norður-Kórea hefur reyndar lengi legið undir grun um að vera þróa slík vopn eða frá níunda áratugnum. Þessi nýja kjarnorkuógn gaf Norður-Kóreskum stjórnvöldum mun öflugra útspil til að þvinga fram aðstoð sem þeir sárlega þurftu vegna efnahagsástandsins. Sex ríkja viðræðurnar (e.Six Party Talks) eru viðræðuvettvangur þeirra sex þjóða sem mestra hagsmuna hafa að gæta í kjarnorkuvopnalausum Kóreuskaga. Þessi ríki eru Bandaríkin, Kína, Rússland og Japan. Þessar viðræður fóru fyrst fram árið 2003 en lítill árangur var af þeim þá. Árið 2005 var meiri árangur að því leyti að sameiginleg yfirlýsing var gefin út þar sem Norður-Kórea lofar að hætta allri kjarnorkuvopnaframleiðslu og taka þátt í alþjóðasamningum um afvopnun gegn því að hin ríkin sem komu að viðræðunum leggðu fram neyðaraðstoð. Jafnframt var sá möguleiki viðraður að Kóreuríkin skrifuðu undir friðarsáttmála. Í júlí 2006 gerði Norður-Kórea tilraunir með langdrægar flaugar sem geta borið kjarnavopn og skömmu síðar sprengdu þeir fyrstu tilraunakjarnorkusprengjuna. Þá hljóp snuðra á þráðinn í viðræðunum. Samt sem áður tókst Kínverjum að koma aðilum að borðinu að nýju og í lok árs 2006 en þær viðræður báru engan árangur. Í febrúar 2007 var gefin út sameiginleg yfirlýsing þar sem Norður-Kórea hét því að snúa frá kjarnorkuvopnaáætlun sinni

en var í stað lofað efnahags, eldsneytis og mannúðarastoð. Í júlí 2007 lokuðu Norður-Kórea kjarnorkuveri og alþjóða kjarnorkumálastofnunin (IAEA) sendi inn eftirlitsmenn sem staðfestu að farið hefði verið eftir þeim skilmálum sem voru settir og Norður-Kórea fékk fyrstu sendinguna af eldsneyti. Norður-Kórea afhendi svo skýrslu um afvopnunina og reif niður kæliturn á árinu 2008 og allir aðilar samþykktu að komið yrði á fót einhverskonar eftirlitskerfi en ekki tókst að komast að samkomulagi um hvernig það skyldi útfært (Australian Department of Foreign Affairs and Trade, 2011). Það hvernig ríkin fjögur sem hér eru til skoðunar koma að þessu viðræðum getur haft áhrif á það hvernig Kóreuríkjunum gengur að vinna saman. Hægfara friðsamleg sameining er hugsanlega sú leið sem flest ríkin kjósa. Hvatinn að þessari leið tengist líka hversu líklegar sviðsmyndirnar hér á undan eru það er að segja stríðsátök eða algert hrun Norður-Kóreu. Ef ríkin fjögur telja að slíkar sviðsmyndir séu yfirvofandi þá gæti það jafnframt hvatt til þess að þrýsta á Kóreuríkin að fara þá leið. Nú verður farið yfir hvert ríki fyrir sig þ.e. Bandaríkin, Kína, Japan og Rússland og hagsmunir þeirra skoðaðir og aðkoma að þessum hugsanlegu sviðsmyndum þ.e. stríði, algeru hruni Norður-Kóreu eða hægfara friðsamlegri sameiningu.

3.2 Bandaríkin

3.2.1 Bandaríkin og stríð

Saga Bandaríkjanna og Kóreu liggur á margan hátt saman og Bandaríkin hafa verið miklir áhrifavaldar í sameiningarsögunni. Þannig höfðu þeir mikil áhrif þegar kom að því að skipta landinu upp í tvö ríki. Sú staðreynd að þeir hafa haft her í landinu og stutt við Suður-Kóreu spilar líka stórt hlutverk. Áhrif kalda stríðsins verða varla áþreifanlegri í dag en í Kóreu, þar sem henni er skipt í tvö ríki sem aðhyllast þá hugmyndafræði sem á þeim tíma skipti heiminum í tvennt (Harrisson, 2002).

Þrátt fyrir að Bandríkjamenn hafi lýst því yfir að þeir vilji leysa ágreining á Kóreuskaganum á friðsælan hátt, þá hefur sú stefna, sem mörkuð var í tíð George Bush með innrásinni í Írak, að hægt sé að réttlæta fyrirfram árás (e. preemptive attack) með því að Bandaríkjunum stafi ógn af ákveðnum ríkjum, gert það ljóst að árás Bandaríkjanna inní Norður-Kóreu er hugsanlegur möguleiki. Með málflutningi sínum fléttaði Bush jafnframt Norður-Kóreu við Íran og Írak þegar hann kallaði þessi þrjú ríki „öxulveldi hins illa“ (Bush, 2002). Ógnin sem Bandaríkjunum stafar af Norður-Kóreu er fyrst og fremst sú að þeir eru taldir búa yfir kjarnavopnum. Ef þeir litu svo á að Norður-Kórea væri tilbúin að nota slík vopn gegn bandamönnum þeirra, Suður-Kóreu, Japan nú eða jafnvel Bandaríkjunum sjálfum, þar

sem nú er talið að hugsanlega gætu kjarnavopnin dregið alla leið til Hawaii, þá er möguleiki á árás frá þeirra hendi vissulega til staðar. Auk þessa er mikil ógn í því falin að hugsanlega gætu Norður-Kóresk stjórnvöld selt kjarnavopn til aðila óvilhöllum Bandaríkjunum. Í þessum tilfellum er verið að tala um sölu á svörtum markaði (Coe, 2005). Andstaðan við Írakstríðið og sú gagnrýni sem Bandarísk stjórnvöld hafa fengið á sig vegna þess sýnir þó að upplýsingar um að Norður-Kórea sé að selja kjarnavopn á svörtum markaði þurfa að liggja fyrir og vera áreiðanlegar eigi Bandarísk stjórnvöld að geta réttlætt það fyrir þegnum sínum og alþjóðasamfélaginu að ráðast beri á Norður-Kóreu með fyrirframárás. Líklegra verður þó að teljast að stríð brjótist út ef stjórnvöld í Norður-Kóreu finnst tilveru sinni ógnað, hvort heldur sem er af ótta við fyrirframárás Bandaríkjanna eða ótta við yfirvofandi hrun og líti þar með á að þeirra síðasta von sé að hefja stríð (Pritchard, 2005).

3.2.2 Bandaríkin og algert hrun Norður-Kóreu

Frá bæjardyrum Bandaríkjanna séð þá er líklegt að komi til þessa þá þurfi herir Bandaríkjanna og/eða Suður-Kóreu að skerast í leikinn (CSIS, 2002). Það er að sjálfsögðu ekki víst að allir líti svo á og það er jafnvel mögulegt að Kóreubúar bæði í suðri og norðri væru á móti því að Bandaríkjamenn kæmu þar að. Vinsældir Bandaríkjanna hafa ekki alltaf verið miklar í Suður-Kóreu (Kim S.-H. , 2002). Bandaríkjamenn stæðu jafnframt frammi fyrir því að þurfa að taka þátt í því, ásamt alþjóðasamfélaginu, hvernig eigi að leysa aðkallandi félagsleg og stjórnarfragsleg vandamál s.s. matarskort, landamæravörslu, gjaldeyrisviðskipti, heilsugæslu og fleira. Það er ekki víst að Bandarískur her yrði yfirleitt velkominn hjá almenningi í Norður-Kóreu þar sem þeir hafa verið álitnir höfuðóvinur ríkisins frá upphafi (CSIS, 2002). Bandaríkjamenn þyrftu líklega að taka þátt í aðgerðum gegn her Norður-Kóreu annað hvort með beinum hætti eða með stuðningi við her Suður-Kóreu ef til átaka kæmi. Bandaríkjamenn myndu að sjálfsögðu leggja ofurkapp á að öll kjarnavopn og það sem þeim tengjast væru gerð upptæk. Þetta er í raun svipað og ef um stríð væri að ræða (Pritchard, 2005).

3.2.3 Bandaríkin og hægfara friðsamleg sameining

Helsta aðkoma Bandaríkjanna í slíku ferli tengist viðræðum um kjarnorkuvopn sem hafa aðallega farið fram í gegnum sex ríkja kjarnavopnaviðræðurnar (e. six party talks). Aðaláhersla Bandaríkjamanna í viðræðum við Norður-Kóreu hefur verið á að kjarnorkuvopna áætlun þeirra verði lögð niður. Bandaríkjamenn hafa þrýst á alþjóðasamfélagið að beitt verði efnahagsþvingunum ef Norður-Kórea hættir ekki við sínar áætlanir. Samt sem áður hafa Bandaríkin lagt fram töluverða fjármuni til aðstoðar í baráttunni við hungursneið og til að efla rafmagnsframleiðslu, en það var hluti af samningum í sex ríkja viðræðunum (Mark E.

Manyin, 2008). Annað sem Bandaríkjamenn gætu gert til að liðka fyrir friðsamlegri sameiningu er að draga úr liðsafla hersins í Suður-Kóreu. Árið 2008 fækkaði hermönnum úr 37,000 í 12,500 og gæti verið hægt að fækka hermönnum töluvert til viðbótar ef það liðkaði fyrir samningum. Það eru þó líklega takmörk fyrir því hversu mikið Bandaríkjamenn eru tilbúnir að minka við sig þar sem þeir telja nauðsynlegt að hafa áfram her á Kóreuskaganum ef til sameiningar kæmi, því það hefði áhrif á stöðuleika og minnkaði líkurnar á því að Suður-Kórea hallaðist of mikið í átt að Kína (Carl E. Haselden, 2002). Aðalhlutverk Bandaríkjanna væri þó klárlega að finna í efnahagslegum aðgerðum ef Norður-Kórea væri tilbúin að gefa eftir og taka upp „open door policy „ eins og Kínverjar og Suður-Kórea hafa lagt áherslu á. Til dæmis með fríverslun og afnámi á miðstýringu í landbúnaði og þjálfun erlendis undir stjórn World Bank. Jafnframt gætu Bandaríkjamenn lofað ákveðnum ávinning í stað þess að Norður-Kóreu menn væru til í að opna fyrir samskipti sem gætu leitt til þess sameining yrði. Slíkir samningar gætu til dæmis falið í sér að aflétta viðskiptabanni, eða losa um frystar eignir Norður-Kóreu í bandarískum bönkum sem og að leyfa bandarískum kaupþýslumönnum að fjárfesta og athafna sig í Norður-Kóreu (Liu, 1999).

3.3 Kína

3.3.1 Kína og stríð

Kína og Kórea eiga langa sameiginlega sögu og allt frá því á fimmtu öld hafa menning, saga og landfræðilegir þættir tengt ríkin. Með stuðningi Kínverja var Kórea eitt ríki á meðan á Yi konungsveldið var við lýði eða árin 1392 - 1910 þegar Japanir hernámu landið (Sutter, 2008). Þrátt fyrir að Kínverjar séu helsti bakhjarl Norður-Kóreu þá hafa þeir haft töluverðar áhyggjur af því að Norður-Kórea gæti orðið árásargjörn í þeirra garð ef þeir settu mikinn þrýsting á þá til dæmis með því að taka þátt í efnahagsþvingunum í tengslum við alþjóðlegar aðgerðir gegn kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu (Sutter, 2008, bls. 240). Samningur um vinskap samstarf og samhjálp tekur ekki skýrt á því hvort Kínverjar séu tilbúnir til að taka þátt í öðru stríði til að verja Norður-Kóreu (Glaser, 1995). Jafnframt þyrftu Kínverjar að hafa áhyggjur af flóttamannastraumi sem gæti legið yfir landmærin ef til átaka kæmi. Það hefði miklar efnahagslegar og samfélagslegar afleiðingar þar sem stór hópur fólks sem liðið hefur skort þyrfti matar og húsakjól. Kínversk stjórnvöld gætu jafnframt þurft að hafa áhyggjur af því að Norður-Kóreskir flóttamenn gerðu kröfur um að hluti af Mansjúríu tilheyrði Norður-Kóreu. (Sutter, 2008). Aðal umhugsunarefnið fyrir Kínversk stjórnvöld hlýtur þó að vera hvort bandaríski herinn kæmi til með að færast nær Kínversku landmærunum. Hugsanlega gætu þeir haldið sér til hlés ef Norður-Kórea ræðst á Suður-Kóreu ef þeir litu svo á að

bandarískur herafli væri einungis að vernda þá. Það er samt afar ólíklegt að þeir sætti sig við að bandarískur herafli verði staðsettur í norðurhlutanum ef til sameiningar kæmi. Jafnvel hefur verið talið að Kínverjar litu á það sem óásættanlega stöðu og myndu grípa til vopna ef þeir sæju fram á það (Wang, 1999, bls. 180)

Kínverjar hafa á síðust árum stóraukið viðskipti við Suður-Kóreu og það verður að teljast ólíklegt að þeir væru til í að kasta því á glæ ef til átaka kæmi. Suður-Kórea getur nefnilega veitt Kínverjum mikilvægan stuðning í sinni iðnvæðingu með reynslu sinni. Það er hætt við að slík sambönd yrðu í hættu ef Norður-Kórea réðist inní Suður-Kóreu svo ekki sé talað um ef Kínverjar styddu á einhvern hátt við slíka árás (Conforti, 1999). Það virðist þó vera svo að margir háttsettir stjórnáamenn í Kína, sérstaklega af yngri kynslóðinni séu orðnir þreyttir á Norður-Kóreu og líti á þá sem ofdekraðan lítinn bróður sem komin sé tími til að þagga niður í (Guardian, 2010).

3.3.2 Kína og algert hrun Norður-Kóreu

Kínverjar virðast líta svo á að hvort heldur sem Kim Jong-il reyni að viðhalda hinni öfluglu alræðisstefnu eða fari að losa um og boða umbætur þá gæti völdum hans verið ógnað. Þannig hafa þeir lengi gert ráð fyrir því að slíkt gæti gerst og að það gæti haft í för með sér mikla valdabaráttu, ringulreið og jafnvel algert hrun (Glaser, 1995).

Rétt eins og ef um stríð væri að ræða þá myndi hrun valda Kínverjum töluverðu tjóni og hefur verið haft á orði að ekki sé um það að ræða hjá Kínverskum stjórnvöldum að þeir óttist að hrynji Kórea þá sé enn eitt Kommúnistaríkið fallið heldur óttist þeir beinlínis þær afleiðingar sem slíkt hrun hefði. Sérstakar áhyggjur hafa þeir af þeim flóttamannastraumi sem gert er ráð fyrir að mundi flykkjast yfir til Kína til að flýja átök eða einfaldlega að leita að betra lífi. Kína gæti ekki horft uppá hrun Norður-Kóreu með hendur í vösom (Glaser, 1995).

Talið er að Kínverjar hafi stundað það að velja ákveðna aðila úr hópi þeirra flóttamanna sem komast yfir til Kína og „ala uppá nýtt“ (e. reeducate) í Kína til þess að hægt sé að koma þeim fyrir í pólitískum áhrifastöðum ef til þess kæmi að slíkt hrun yrði (Maxwell, 2010). Kínverjar hafa í mörg ár reynt að fá Norður-Kóresk stjórnvöld til að taka upp efnahagsstefnu Kína hina svokölluðu „Open door Policy“ stefnu en með henni opnuðu Kínverjar markaðskerfið sitt án þess að sleppa tókunum af hinni pólitísku miðstýringu. Það hefur hinsvegar ekki gengið og þykir það benda til þess að stjórnvöld í Norður-Kóreu óttist að missa völdin ef sú stefna næði flugi. Jafnframt hafa Kínverjar hagsmuna að gæta ef slíkt hrun

yrði þar sem hugsanlega færi ný fjárfesting á svæðinu frekar til Norður-Kóreu en Kína (Sutter, 2008).

3.3.3 Kína og hægfara friðsamleg sameining

Kína hefur helst tök á að hafa áhrif á gang mála í gengnum sex ríkja viðræðurnar og með stuðningi eða þrýstingi á Norður-Kóresk stjórnvöld. Í þeim viðræðum hafa þeir staðið gegn því að efnahagsþvingunum sé beitt og hafa haldið viðskiptum við þá ótrauðir áfram þrátt fyrir að hafa verið beðnir um að hætta að senda olíu og mat til Norður-Kóreu (Times, 2005). Þeir hafa heldur ekki viljað að neinum árásum yrði hótad né að slíkt yrði tekið fyrir á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Kínverjar hafa í þessum viðræðum því lagt áherslu á friðsæla lausn og viljað að farið yrði með málið í diplómátskan farveg (Kerr, 2003). Bein fjárhagsaðstoð Kínverja til Norður-Kóreu er ein leiðin þar sem þeir beita til að hafa áhrif. Það hafa verið færð fyrir því rök að Kínverjar haldi í raun Norður-Kóreu frá því að hrynja í efnahagslegum skilningi. Það hafa þeir gert með því að veita aðstoð sem hefur verið allt að því einn þriðji af heildar aðstoð Kína til þróunarmála (Gurtov, 2002). Enn á ný er þó stóra málið það hvort sem um er að ræða stríð, hrun, eða friðsamleg diplómátsk samskipti þá er sameinuð Kórea án áhrifa Kínverja ekki sú staða sem þeir vilja sjá. Þá er í raun horfinn sá stuðpúði (e. buffer state) sem Norður-Kórea var og þjónaði þeim tilgangi í mjög svo vopnum hlöðnu umhverfi og bíður uppá öryggisklemmu af verstu gerð.

3.4 Japan

3.4.1 Japan og stríð

Kóreubúar hafa þurft að þola gríðarlegt harðræði af hendi Japana á meðan á hernáminu stóð á árunum 1910-1945. Það gerir öll samskipti á milli Japans og Kóreu, hvort sem verið er að tala norður eða suður, afar erfið. Það ríkir enn mikil reiði í garð Japana í báðum ríkjunum (Seth, 2010). Japanir óttast eins og aðrir að stríð geti brotist út á Kóreuskaganum og haft hrikalegar afleiðingar fyrir Japan. Þrátt fyrir að hinn hefðbundni herafli Norður-Kóreu sé að mörgu leyti úr sér genginn vegna fjárskorts, þá bendir ýmislegt til þess að eldflaugar sem og efnavopn hafi verið í stöðugri þróun og geti stórskadað Japan ef gripið yrði til þeirra (Schoff, 2009). Ef stríð brytist út þá er Japan þannig staðsett að það mundi hafa gríðarlegar afleiðingar og sérstaklega ef til þess kæmi að notuð yrði efnavopn þar sem stutt er á milli Japan og Kóreu. Japanar búa ekki yfir eldflauga varnar kerfi og gætu því ekki varið sig gegn árásum og líklega færi mikil orka og fjármunir í það að byggja upp það

sem yrði eyðilagt í slíku stríði. Það er þó einna helst á sviði efnahagsmála sem Japanir kæmu að sameiningarmálum í kjölfar stríðs. Það dregur úr möguleikum Japana til að hafa mikil áhrif á þá atburðarrás sem yrði í kjölfarið á slíku stríði. Samt sem áður ef Bandaríkjamenn næðu að hafa sterka stöðu eftir slíkt stríð þá styrkja Japanir jafnframt stöðu sína (Schoff, 2009). Ef hinsvegar Bandaríkin drægju verulega úr veru sinni á Kóreuskaganum í kjölfar stríðs, þá yrðu Japanir án mikilvægra varna og gætu þurft að auka herstyrk sinn og þá er líklegt að það rísi enn á ný öryggissamkeppni á svæðinu (Kim Kook-shin, 2008).

3.4.2 Japan og algert hrun Norður-Kóreu

Rétt eins og ef sameinað yrði í kjölfar stríðs þá er sameining sem yrði kjölfar hruns Norður-Kóreu líkleg til hvetja Japana til þátttöku á efnahagssviðinu, en þeir vilja hafa áhrif svo Suður-Kóresk stjórnvöld verði leiðandi í sameiningu. Þáttur Japana yrði þá hugsanlega að fjárfesta og reyna að ýta undir hugmyndir um lýðræði og kapítalískt hagkerfi því mikilvægt er fyrir þá að geta átt í viðskiptum við sameinaða Kóreu. Aðalhagsmunir Japana eru þó líklega fólgnir í því að ef til þess kæmi að Norður-Kórea yrði fyrir algeru efnahagslegu hruni þá gæti það ógnað hernaðarbandalagi þeirra og Bandaríkjamanna. Japanir eru mjög svo háðir því samstarfi og reyndar Bandaríkjamenn líka. Það er líka óhætt að fullyrða að stöðuleiki Norðaustur- Asíu velti töluvert á varnarsamstarfi Japans og Bandaríkjanna. Þannig kemur það samstarf hugsanlega í veg fyrir mikla hernaðaruppbyggingu Kína en kemur jafnframt í veg fyrir þörf á að Japanir auki sinn herstyrk (Kim Kook-shin, 2008).

3.4.3 Japan og hægfara firðsamleg sameining

Rétt eins og í hinum sviðsmyndunum þá eru hagsmunir Japana af hægfara friðsamlegri sameiningu annarsvegar efnahagslegir og hinsvegar í öryggismálum. Japönnum er mikið í mun viðhalda valdajafnvægi og opnum aðgangi að mörkuðum. Það hafa verði færð fyrir því rök að Japönnum geti stafað töluverð ógn af slíkri sameiningu. Þannig gæti sameinuð og efnahagslega sterk Kórea ógnað efnahag Japans, þrátt fyrir þetta er líklegt að Japanir kjósi frekar þá stöðu en að algert efnahagslegt hrun yrði í Norður- Kóreu sem gæti haft slæmar afleiðingar bæði fyrir Japan og Suður-Kóreu og reyndar svæðið allt. Það sem gæti þó ógnað þeim jafnvel meira er Kóresk þjóðernishyggja og hugsanleg andstaða við Japan í sameinaðri Kóreu. Það gæti hugsast að ef Bandaríkjamenn drægju úr veru sinni á Kóreuskaganum að þjóðernishyggjan muni beinast að Japönnum og að sameinuð Kórea hallaði sér meira að Kína í leit að vinsamlegum nágranna (Ji, 2001). Þessi leið er sú sem flestir vilja að verði farin hvort sem það er vegna þess að hún hefur fram að þessu viðhaldið óbreyttu ástandi eða vegna þess að menn trúa því að samvinna og samstarf sé mögulegt.

3.5 Rússland

3.5.1 Rússland og stríð

Rússar rétt eins og aðrar stórríkjastjórnir sem eiga hagsmuna að gæta í sameiningu Kóreu virðast vera hlynntir hægfara og friðsamlegri sameiningu. Ef kæmi til sameiningar vilja þeir klárlega ekki að hún yrði sem afleiðing stríðs. Slíkt stríð yrði á margan hátt kostnaðarsamt fyrir Rússa og gæti eyðilaggt þá uppbyggingu sem hefur orðið í suð-austurhluta Rússlands (Pritchard, 2005). Samningar á milli ríkjanna sem voru gerðir á tímum Sovétríkjanna tóku sérstaklega fram að ef til árásar kæmi þá myndu þeir verja Norður-Kóreu án skilyrða. Í dag er hins vegar talað um sameiginleg samskipti (e. mutual contact) sem Rússar geta túlkað á hvaða veg sem er. Þannig gerðu Rússar Norður-Kóreu ljóst árið 2003 að ef þeir færu „yfir strikið“ í kjarnorkumálum eða réðust á Suður-Kóreu neyddust þeir til þess að styðja við alþjóðlegar aðgerðir gegn þeim (Pritchard, 2005). Rússar hafa gjarnan gagnrýnt Bandaríkjamenn fyrir sérstaklega ögrandi yfirlýsingar sem geri ekkert nema fara í taugarnar á Norður-Kóreu sem aftur gerir ástandið einungis verra.

3.5.2 Rússland og algert hrun Norður-Kóreu

Ef til þess kæmi að Norður-Kórea hryndi þá er þáttur Rússa rétt eins og annarra stórvelda sem hagsmuna hafa að gæta á svæðinu sá að koma ár sinni fyrir borð í því valdatómi sem myndast. Þannig er einn möguleikinn að Rússar myndu í það minnsta ekki sitja auðum höndum og reyna að hafa áhrif til að hemja völd bæði Kínverja og Bandaríkjamanna (Vorontsov, 2011). Það sem hræðir þó Rússana meira er að ef algert hrun yrði í Norður-Kóreu þá gætu áhrif Kína, Japan og Bandaríkjanna aukist á kostnað þeirra. Vegna þess hversu hernaðarlega mikilvæg staðsetning Kóreu er fyrir Rússa þá vilja þeir ekki sjá Japana eða Kínverja auka áhrif sín þar. Þeir munu áfram hafa hernaðarlegan áhuga á Kóreu annars vegar vegna þess að í gegnum Kóreu er hægt að ráðast gegn þeim og hins vegar vegna þess að þeir deila með Japönnum stjórn á Tshushima sundi og strandlínu Japanshafis. Það leiðir til þess að þeir munu reyna hvað þeir geta til að draga úr hugsanlegum áhrifum Kínverja og Japana á svæðinu (Vorontsov, 2011). Rétt eins og ef sameining yrði í kjölfar stríðs þá væru afleiðingar fyrir Rússa af hruni þær að mikill fjöldi flóttamanna flykkist yfir landamærin yfir til Rússlands. Gera má ráð fyrir því að vandmál af slíku verði gríðarleg þegar fólk sem ekki hefur fjármuni, heilsu né möguleika á að sjá fyrir sér á annan hátt kæmi yfir til Rússlands á flóttu. Árið 2003 héldu Rússar risavaxna heræfingu í suð-austur hluta landsins þar sem

aðaláhersla var lögð á að æfa aðstæður þar sem 100.000 Norður-Kóreskir flóttamenn kæmu yfir landamærin (Joo, 2004). Þrátt fyrir batnandi samskipti gætu Rússar verið á móti því að Bandaríkjamenn kæmust alla leið upp að landmærunum með heraflo sínn ef sameinuð Kórea yrði undir sterkum Bandarískum áhrifum. Það gæti þýtt að rétt við dyraskörina væri komin ógnandi her, einskonar Asísk NATO útpensla (Tae-Hwan Kwak, 2003).

3.5.3 Rússland og hægfara friðsamleg sameining

Þáttur Rússa í því að ýta undir friðsamlega sameiningu Kóreu gæti verið efnahagslegur þar sem tækifæri geta legið í verkefnum eins og Trans-Síberíu lestarleiðinni í gegnum Kóreu skagann sem gætu tengt markaði Evrópu og Asíu saman. Rússar vilja gjarnan koma auðlindum sínum á markað bæði í Norður og Suður- Kóreu (Dick K. Nanto, 2005). Annað verkefni sem gæti tengt hagsmunum Rússa við Kóreu og ýtt undir sameiningu er þróun Síberíu gasleiðslunnar. Ef vel tekst til með það verkefni á það að geta séð Kína, Rússlandi og Kóreu fyrir 20 miljónum tonnum af gasi á ári. Áætlanir gera ráð fyrir að þegar verkefnið sé komið á fullt skrið þá geti það lækkað gas kostnað í Kóreu um 22-25 % (Bae, 2010).

Niðurstöður

Þegar Kóreuríkjunum var skipt upp í tvö ríki í kjölfar seinni heimstyrjaldarinnar var það fyrst og fremst hugsað sem bráðabirgðar fyrirkomulag. Fljótlega kom þó í ljós að á Kóreuskaganum voru að myndast tvö afar ólík ríki sem litu á hvort annað sem andstæðing og óvin. Árið 1950 braust svo út stríð sem segja má að sé fyrsta tilraunin til að sameina ríkin. Það tókst ekki og eftir sat algert vantraust og ótti sem leiddi til þess að bæði ríkin byggðu upp varnir sínar og tryggðu öryggisbandlög sín. Bæði ríkin hafa lýsti því margoft yfir að sameining sé eitthvað sem ríkin sækist eftir og að það sé ekki tækt að þjóðin lifi svona aðskilin. Allar tilraunir til að setta þjóðirnar hafa runnið útí sandinn og þar með hugmyndir um sameiningu. Það hefur gerst þrátt fyrir að á tíu ára tímabili eða frá 1998-2008 hafi Suður-Kórea ákveðið að horfa framhjá pólitískum ágreiningi og því ástandi sem ríkti í mannréttindamálum í Norður-Kóreu og veita aðstoð í meira mæli og í raun treysta bræðrum sínum í norðri. Það fór þó svo að í dag telja Suður-Kóresk stjórnvöld að þessi tilraun hafi gjörsamlega brugðist þar sem Norður-Kórea byggði upp kjarnavopn á þessum tíma. Stöðugar ögranir Norður-Kóreu með árásum á herskip og jafnvel Suður-Kóreska eyju sýna það svart á hvítu hversu stíð samskiptin eru sem ýtir undir ótta og vantraust.

Það eru í raun þrjú lykilatriði sem þarf að hafa í huga þegar kemur að því að átta sig á því hvervegna ríkin hafa ekki sameinast. Í fyrsta lagi hefur ekki tekist að byggja upp traust á

milli ríkjanna og í öðru lagi er það óttinn við að stríð brjótist út, en það er einmitt það sem kenningar raunhyggjunnar ganga út á auk þess að draga fram það sem jafnframt er augljóst í samskiptum ríkjanna og er þriðja lykilatriðið en það er baráttan um völdin. Hvorugt ríkið eða stjórnvöld þeirra eru tilbúin að gefa eftir af ótta við að missa völdin og vilja því hámarka lífshorfur sínar með því að byggja upp varnir og sýna mátt sinn og megin. Tilraunir annarra ríkja og Sameinuðu þjóðanna til að skerast í leikin sýnir svo ekki verður um villst að rétt eins og raunhyggjan leggur út af þá er ekkert yfirþjóðlegt vald sem getur komið í veg fyrir þetta. Það þýðir þó ekki að önnur ríki hafi ekki hlutverki að gegna í hugsanlegri sameiningu ríkjanna en Bandaríkin, Kína, Rússland og Japan eru ríki sem öll hafa hagsmuna að gæta í Norðaustur-Asíu og þar með af sameiningu Kóreuríkjanna.

Í ritgerðinni tók ég fyrir þrjár hugsanlegar sviðsmyndir sem gætu leitt til sameiningar og skoðaði hagsmuni fyrrnefndra ríkja í hverri fyrir sig. Þessar sviðsmyndir: stríð, algert hrun Norður-Kóreu og hægfara friðsamleg sameining hafa allar verið álitnar mögulegar og á köflum líklegar. Séu þessar sviðsmyndir skoðaðar með gleraugum raunhyggjunnar þá verður að teljast líklegt að þau ríki sem um ræðir geri allt til að koma í veg fyrir að stríð brjótist út. Þar spilar lykilhlutverk óttinn við afleiðingar af slíku stríði, svo sem flóttamannastraumur og efnahagslegur óstöðuleiki. Jafnframt óttinn við að þau gætu dregist inní átökin þar sem Bandaríkin eiga í varnarsamstarfi við Japan og Suður-Kóreu og Kínverjar styðja við bakið á Norður-Kóreu ásamt Rússum þó svo að sá stuðningur sé ekki eins öruggur. Það er því óttinn við að hið viðkvæma valdahlutfall í þessum heimshluta riðlist sem setur mikla pressu á ríkin að koma í veg fyrir stríð. Norður-Kóreu hefur verið spáð algeru hruni síðan Berlínarmúrinn féll en það er sviðsmynd sem stórveldin umræddu óttast jafnframt. Þannig yrðu afleiðingar af slíku hruni að mörgu leyti svipaðar og ef til stríðs kæmi þó svo að skaðinn yrði augljóslega minni. Þannig þyrftu ríkin að hafa áhyggjur af því að sameinuð Kórea geti breytt valdahlutföllum á svæðinu ef til að mynda Bandarískur her yrði áfram á skaganum. Ef hann aftur á móti færi yrðu ríki á borð við Japan afar berskjölduð og þyrftu þá hugsanlega að auka herstyrk sinn sem gæti leitt til öryggisklemmu. Hægfara friðsamleg sameining er sú sviðsmynd sem flest ríki hafa lýst yfir að sé ákjósanleg framtíð fyrir svæðið. Sú leið ætlar þó að reynast afar hægfara og í raun afar ólíkleg ef hún er skoðuð út frá kenningum raunhyggjunnar. Í þau tæp 60 ár sem Kóreuríkin hafa verið til hafa ótal viðræður farið fram á milli ríkjanna og á seinni árum hafa sex ríkja viðræðurnar verið vettvangur fyrir slíkt á alþjóðavettvangi. Þar leikur aðalhlutverkið kjarnavopnaeign Norður-Kóreu en viðræðurnar snúast um að stöðva framleiðslu þeirra gegn aðstoð ríkjanna. Á meðan stjórnvöld í ríkjunum

tveimur eru föst í ótta og vantrausti og ríghalda í völdin mun ekkert geta rofið þann vítahring. Nema ef eitthvað stórkostlegt gerist eins og að Norður-Kóresk stjórnvöld væru tilbúin að taka upp nýja stefnu í efnahagsmálum í anda Kínverja nú eða að stríð eða algert hrun ætti sér stað. Ef stórveldin óttast ekki að slíkt gerist þá er jafnframt ekki mikil pressa á ríkin að sameinast. Hagsmunir þessara stórþjóða af sameiningu geta verið þó nokkrir hvað varðar stöðugleika á svæðinu en óttinn við að valdajafnvægið raskist kemur þó líklega í veg fyrir að stórveldin styðji sameiningu af fullum þunga.

Raunhyggjan segir okkur, og saga Norður- Kóreu styður það, að ríki eða stjórnvöld séu skynsöm að því leyti að þau geri allt til að hámarka lífshorfur sínar. Öryggisklemma, þörfin fyrir valdajafnvægi á svæðinu, lífsseigla Norður-Kóreska ættarveldisins, hernaðar uppbygging, óttinn við átök og skortur á yfirþjóðlegu valdi hafa því beinlínis komið í veg fyrir að ríkin hafi getað sameinast eða í það minnsta haft veruleg áhrif.

Lokaorð

Við gerð ritgerðarinnar fékk ég góða innsýn í þá valdabaráttu og vopnakauphlaup sem átt hefur sér stað í Norðaustur Asíu. Kórea sem öfugt við Þýskaland bar ekki ábyrgð á hörmungum seinni heimstyrjaldarinnar en var þó skipt upp og á milli tveggja stórvelda. Það er því hægt að segja Kórea hafi orðið að lúta valdi hinna sterku og vera slitin í sundur. Áður en ég fór að kafa ofan í efni ritgerðarinnar fannst mér afar líklegt að það hlyti fljótlega að koma að því að Norður-Kórea myndi hrynja og Suður-Kórea tæki yfir. Ég er þó ekki eins viss í dag og efast reyndar um það. Það verður þó fróðlegt að sjá hvernig tekst til við leiðtogaskiptin í Norður-Kóreu en ef ekki tekst að sannfæra þjóðina um ágæti nýja leiðtogans gæti slíkt hrun átt sér stað. Hvaða sviðsmynd sem skoðuð er í þessu samhengi stríð, hrun Norður-Kóreu eða hægfara friðsamleg sameining þá er hlutverk stórþjóðanna sem hér er fjallað um afar stórt og mun stærra en ég gerði mér grein fyrir. Þess vegna er vel við hæfi að enda þetta á svari sem gamall Suður-Kóreskur maður gaf mér þegar ég spurði hvort hann teldi að ríkin gætu sameinast á næstunni: „Það er ekki í okkar höndum það fer eftir vilja hinna stóru“.

Heimildaskrá

- Australian Department of Foreign Affairs and Trade. (2011, 30. júlí). *Democratic People's Republic of Korea - Country brief, Timeline of Events relating to the DPRK Nuclear Issue*. Sótt 30. júlí 2011 frá [dfat.gov.au](http://www.dfat.gov.au): http://www.dfat.gov.au/geo/dprk/chronology_nuclear_issue.html
- Bae, J.-H. (2010, desember). *Russian National Strategy and ROK-Russian Strategic Partnership in the 21st century*. Sótt 27. júlí 2011 frá [Kinu.or.kr](http://www.kinu.or.kr): <http://www.kinu.or.kr/upload/neoboard/DATA05/ko-ru-e-2010.pdf>
- Betts, R. K. (1994). Wealth, Power, and Instability: East Asia and the United States after the Cold War. *International Security*18,(3)34-77.
- Bush, G. W. (2002, 29. janúar). *The white House*. Sótt 27. júlí 2011 frá georgewbush-whitehouse.archives.gov: <http://georgewbush-whitehouse.archives.gov/news/releases/2002/01/20020129-11.html>
- Carl E. Haselden, J. (2002). *The effect on Korean Unification on the US Military Presence in Northeast Asia*. Carlisle: US Army War College.
- Cha, V. D. (Winter 1997). Korean Unification: The Zero Sum Past and The Precarious Future. *Asian Perspective* 21(3), bls. 63-92.
- Chosunilbo. (2010, 18. nóvember). *Chosunilbo*. Sótt 31. júlí 2011 frá [Chosun.com](http://english.chosun.com) http://english.chosun.com/site/data/html_dir/2010/11/18/2010111800635.html
- Coe, A. J. (2005, sumar). North Korea's New Cash Crop. *THE WASHINGTON QUARTERLY* , bls. 73–84.
- Conforti, J. M. (1999). The Cina Model of Korean Reunification. *East Asia*, 55-77.
- CSIS. (2002). *A blueprint for u.s. policy toward a unified Korea*. Washington: Center for Strategic and International Studies.
- Dick K. Nanto, E. C.-A. (2005). *The North Korean Economy:Background and Policy Analysis*. Washington: Congressional Research Service The Library of Congress.
- French, P. (2005). *North korea:The Paranoid Peninsula-a modern history*. London: Zed Books Ltd.
- French, P. (2005). *North korea:The Paranoid Peninsula-a modern history*. London: Zed Books Ltd.
- Glaser, B. G. (1995). Looking across The Yalu: Chinese Assessments og North Korea. *Asian Survey*, 528-545.
- Guardian. (2010, 29. nóvember). *Guardian* . Sótt 25. júlí 2011, frá [guardian.co.uk](http://www.guardian.co.uk): <http://www.guardian.co.uk/world/2010/nov/29/wikileaks-cables-china-reunified-korea>
- Gurtov, M. (2002). Common Security in North Korea: Quest for a New Paradigm in Inter-Korean Relations. *Asian Survey* 42(3), 397-418.

- H.J, Morgenthau. (1954). *Politics Among Nations: The struggle for power and peace*. New York: Alfred A Knopf Inc.
- Hakoda, T. (2010, 31. desember). *Asahi shimbun*. Sótt 31. júlí 2011 frá asahi.com:
<http://www.asahi.com/english/TKY201012300117.html>
- Harrison, S. S. (2002). *Korean Endgame, A Strategy for Reunification and U.S Disengagement*. Princeton: Princeton University Press.
- Hawk, D. (2003). *The Hidden Gulag*. U.S Committee on Human Rights in North Korea.
- Hayes, P. (27. apríl 2011). *North-South Korean Elements of National Power*. Sótt 1. ágúst 2011 frá nautilus.org: <http://www.nautilus.org/publications/essays/napsnet/reports/north-south-hayes>
- Herz, J. H. (1950). Idealist Internationalism and the Security Dilemma. *World Politics* 2(2), 157-180.
- Ji, Y.-S. (2001). Conflicting Visions for Korean Reunification. *Fellow Wetherhead Center for International Affairs Harvard Univeristy*, 11-12.
- Jinwook Choi, K.-S. K.-J.-J. (2009). *The Evaluation of Regime Stability in North Korea:Scenario Workshop*. Seoul: Korea Institute for National Unification.
- John J. Mearsheimer. (2007). Structural Realism. Í Tim Dunne, Milja Kurki, Steve Smith (ritstjórar), *International Relations Theories*. Oxford: Oxford Universit Press.
- Joo, S.-H. (2004). , "Russia and the Six-Party Talks,. *Vantage Point*, 45-52.
- Jung-Ho Bae, Abraham Denmark. (2009). *The U.S.-ROK Alliance in the 21st Century*. Seoul: Korea Institute for National Unification (KINU).
- Kang, D. C. (2003). International Relations Theory and the Second Korean War. *International Studies Quarterly* 47(3), 301-324.
- KCNA. (200, 17. júní). *KCNA*. Sótt 24. júlí 2011 frá kcna.co.jp:
<http://kcna.co.jp/item/2000/200006/news06/17.htm#>
- Kerr, P. (2003, september). *Armscontrol*. Sótt 27. júlí 2011 frá armscontrol.org:
<http://www.armscontrol.org/print/1347>
- KFA. (2010, 29. maí). *Democratic People's Republic Of Korea KFA*. Sótt 26. júlí 2011 frá korea-dpr.com: <http://www.korea-dpr.com/forum/?p=542>
- Kim Kook-shin, Y. I.-k.-k. (2008, júní). *Korea Institute for National Unification*. Sótt 25. júlí 2011 frá Kinu.or.kr: <http://www.kinu.or.kr/upload/neoboard/DATA05/ss08-04.pdf>
- Kim, S.-H. (2002). Anti-Americanism in Korea. *The Washington Quarterly* 26(1), 109–122.
- Kim, T. (2010, desember). *Combating North Korea's Nuclear Blackmail:Proactive Deterrence and the Triad System*. (J. H. Jung Ho-Bae, Ritstj.) Sótt 1. ágúst 2011 frá kinu.or.kr:
<http://www.kinu.or.kr/upload/neoboard/DATA05/ns2012-e.pdf>

- Kyung-suk, C. (2002). The Future of the Sunshine Policy: Strategies for Survival. *East Asian Review*, 14 (4), 3-17.
- Lankov, A. (2010, 29. ágúst). *The Council on Foreign Relations*. Sótt 27. júlí 2011 frá cfr.org: <http://www.cfr.org/international-peace-and-security/wsj-pyongyangs-new-leader-old-guard/p22861>
- Lawson, S. (2003). *International Relations*. Cambridge: Polity Press.
- Lee, S.-Y. (2010). Engaging North Korea: The Clouded Legacy of South Korea's Sunshine Policy. *American Enterprise for Public Policy Research*.
- Liu, M. (1999). An Obsessed Task: Prospects, Models and Impacts of Korean Reunification. *East Asian*, 32-53.
- M.P.Srivastava. (1982). *The Korean Conflict: Search for Unification*. New Delhi: Prentice Hall of India Private Limited.
- Marcus Noland, Sherman Robinson and Li-gang Liu. (1998). The Costs and Benefits of Korean Unification: Alternate Scenarios. *Asian Survey* 38(8), 801-814.
- Mark E. Manyin, M. B. (2008). *U.S. Assistance to North Korea*. Washington: library of congress.
- Maxwell, D. S. (10. apríl 2010). *Catastrophic Collapse of North Korea: Implications for the United States military*. Sótt 25. júlí 2011 frá Nautilus.org: <http://www.nautilus.org/publications/books/dprkbb/scenarios/Maxwell.html>
- Moon, C.-I. (2009). South Korea In 2008. *Asian Survey*, XLIX(1) 120-128.
- Myung-bak, L. (2010, 29. nóvember). *Yonhap*. Sótt 29. nóvember 2010 frá yonhap.co.kr: <http://english.yonhapnews.co.kr/national/2010/11/29/32/0301000000AEN20101129006400315F.HTML>
- Noland, M., Robinson, S., & Wang, T. (2007). *FAMINE IN NORTH KOREA: Causes and Cures*. Washington: Peterson institute for international economics.
- Park Young-Ho, K. H.-K. (2010). *2010 Unification Clock, When will we See a Unified Korea?* Seoul: Korean Institute for Korean Unification.
- Pritchard, C. L. (2005). *Korean Reunification: Implications for the United States and Northeast Asia*. Seoul: Uri Party Foundation.
- S.P. Öryggisráð. (1950, 25. júní). *UN*. Sótt 26. júlí 2011 frá un.org: <http://daccess-dds-ny.un.org/doc/RESOLUTION/GEN/NR0/064/95/IMG/NR006495.pdf?OpenElement>
- Schoff, J. L. (2009). Cambridge: the Institute for Foreign Policy Analysis.
- Service, R., & Pons, S. (2006). *A dictionary of 20TH -century communism*. Torino: Giulio Einaudi editori.

- Seth, M. J. (2010). *A Concise History of Modern Korea*. Plymouth: Rowman & Littlefield Publishers, Inc.
- Sutter, R. G. (2008). *Chinese Foreign Relations: Power and Policy Since The Cold War*. Plymouth: Rowman & Littlefield Publishers.
- Tae-Hwan Kwak, S.-H. J. (2003). *The Korean Peace Process and the Four Powers*. Hampshire: Ashgate publishing Company.
- Tang, S. (2008). Fear in International Politics: Two Positions. *International Studies Review*10 , 451-471.
- The New York Times. (2010, 23. nóvember). *The New York Times*. Sótt 1. ágúst 2011 frá nytimes.com: <http://www.nytimes.com/2010/11/24/world/asia/24korea.html>
- The Nobel Peace Prize. (2000). *Nobelprize.org*. Sótt 24. júlí 2011 frá Nobelprize.org: http://nobelprize.org/nobel_prizes/peace/laureates/2000/
- The Telegraph. (2010, 25. nóvember). *The Telegraph*. Sótt 25. júlí 2011 frá telegraph.co.uk: <http://www.telegraph.co.uk/news/worldnews/asia/southkorea/8165059/South-Korea-despatch-from-the-frontline-of-World-War-Three.html>
- Thucydides. (1954). *The Peloponnesian War*. (R. Warner, Trans.) London: Penguin Books.
- Time. (2010, 13. ágúst). *Time*. Sótt 26. júlí 2011 frá time.com: <http://www.time.com/time/world/article/0,8599,2010455,00.html>
- Times, N. Y. (2005, 11. maí). *New York Times*. Sótt 25. júlí 2011 frá nytimes.com: <http://www.nytimes.com/2005/05/11/international/asia/11korea.html>
- Vorontsov, A. (2011, 1. apríl). *The Russian Perspective on the Korean Peninsula in 2010 and Implications for the Future*. Sótt 25. júlí 2011 frá Nautuilus.org: http://www.nautuilus.org/publications/essays/napsnet/forum/11-07_Vorontsov
- Wang, F.-L. (1999, sumar). Joining the Major Powers for the Status Quo:China's views and Policy on Korean Reunification. *Pacific Affairs*,72(2) bls. 167-185.